

Svæðisáætlun
um meðhöndlun úrgangs
í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi
2025-2036



Mars 2026

Stefán Gíslason
Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

Mynd á forsíðu:
Við fossinn Leyni á Miðafirði í Mýrdalshreppi
Ljós. Stefán Gíslason 21. júlí 2020

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hulu bs. var samþykkt í hlutaðeigandi sveitarstjórnnum sem hér segir:

Sveitarfélag	Samþykkt dags.
Skaftárhreppur	26. mars 2026
Mýrdalshreppur	13. maí 2026

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Stefna sveitarfélaganna	8
3	Aðgerðaáætlun.....	9
3.1	Aðgerðir	10
3.2	Samanlögð áhrif aðgerða	14
3.3	Vöktun, eftirlit og endurskoðun	14
4	Bakgrunnur	16
4.1	Lög um meðhöndlun úrgangs.....	16
4.2	Reglugerð um meðhöndlun úrgangs	16
4.3	Stefna um meðhöndlun úrgangs	17
4.4	Önnur lög, reglugerðir og stefnumótun.....	18
5	Aðferðir, forsendur og fyrirvarar	19
5.1	Söfnun tölulegra upplýsinga.....	19
5.2	Stefnumótun.....	20
6	Markmið stjórnvalda á beinni ábyrgð sveitarfélaga	21
6.1	Heimilisúrgangur	21
6.2	Önnur töluleg markmið	22
6.3	Rusl á víðavangi	23
6.4	Þýðingarmikil hráefni.....	24
7	Aðildarsveitarfélög Hulu bs.	26
7.1	Mýrdalshreppur.....	26
7.2	Skaftárhreppur.....	26
8	Urðunarstaðurinn á Skógasandi	27
9	Staða úrgangsmála haustið 2024.....	29
9.1	Fyrirkomulag sorphirðu.....	29
9.2	Grenndarstöðvar	29
9.3	Gámastöðvar/móttökustöðvar	30
9.4	Önnur söfnun og flokkun	30
9.5	Förgunarstaðir/meðhöndlunarstaðir	30
9.6	Önnur ráðstöfun úrgangs.....	31
9.7	Samningar við verktaka.....	32
9.8	Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður	32
9.9	Útgáfa og kynning	33
9.10	Framtíðarsýn	33
9.11	Magntölur og endurvinnsluhlutföll.....	34

9.11.1	Heildarmagn	34
9.11.2	Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs	38
9.11.3	Endurnýtingarlutfall byggingar- og niðurrifssúrgangs	42
9.12	Framtíðarhorfur í úrgangsstraumum og flutningum.....	43
10	Viðauki 1: Umhverfismatsskýrsla.....	46
10.1	Samantekt umhverfismats.....	46
10.2	Matsskylda.....	47
10.3	Aðferðir	47
10.4	Sérstaða svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs	47
10.5	Áhættuþættir úrgangsmeðhöndlunar.....	48
10.6	Meginatriði umhverfismatsins.....	48
10.7	Tengsl við aðrar áætlanir	49
10.8	Samanburður valkosta	52
10.9	Vöktun	53
10.10	Kynning og samráð.....	53
10.11	Athugasemdir og viðbrögð	53
10.12	Samþykkt áætlunar	53
11	Viðauki 2: Skýringar við einstaka úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra.....	54
	Heimildir	61

1 Inngangur

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, „*semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Áætlunin skal hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar er að finna í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

Þær breytingar í lagaumhverfi úrgangsmála sem orðið hafa á síðustu misserum eiga það sameiginlegt að nú er lögð meiri áhersla en áður á að bæta nýtingu þeirra auðlinda sem í úrganginum felast og koma í veg fyrir að þær tapist út úr hringrásinni. Þessi áhersla á rætur í svonefndum Hringrásarhagkerfispakka Evrópusambandsins, sem m.a. endurspeglast í umfangsmiklum breytingum á tilskipunum sambandsins á sviði úrgangsmála, sem samþykktar voru vorið 2018 og innleiddar að mestu í íslensk lög sumarið 2021.

Í ársbyrjun 2022 var tekin ákvörðun um að vinna sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, Skaftárhrepp og Mýrdalshrepp og hófst sú vinna af fullum krafti síðari hluta vetrar. Engin svæðisáætlun hafði verið í gildi fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, en hin sveitarfélögin tvö áttu aðild að svæðisáætlun Sorpsamlagsins Hulu bs., sem gildi fyrir tímabilið 2008-2020.¹ Fljótlega varð ljóst að ekki væri raunhæft að ljúka gerð áætlunarinnar fyrir sveitarstjórnarkosningar í maí 2022 og í samræmi við það var áframhaldandi vinnu við verkið frestað. Í ársbyrjun 2023 þótti síðan endanlega ljóst að áherslur nýrra sveitarstjórna væru svo ólíkar að ekki væri ráðlegt að vinna eina svæðisáætlun fyrir allt svæðið. Í framhaldi af því var hafist handa í byrjun september 2024 við gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp, en þessi tvö sveitarfélög mynda Sorpsamlagið Hulu bs. eins og nánar er rakið hér að neðan. Samið var við ráðgjafarfyrirtækið Environice um að leiða vinnuna, en fyrirtækið hafði áður komið að gerð sambærilegra áætlana í öðrum landshlutum. Fyrstu drög að áætlun lágu fyrir í byrjun febrúar 2025, en frekari vinna við áætlunina dróst þar til í nóvember sama ár. Þá voru upplýsingar í upphaflegu drögunum uppfærðar til að endurspegla breytingar sem orðið höfðu.

Sorpsamlagið Hulu bs. var stofnað árið 1997 af fjórum sveitarfélögum á milli Markarfljóts og Lómagnúps. Að samlaginu stóðu Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Í árslok 2001 runnu tveir fyrstnefndu hrepparnir inn í Rangárþing eystra, sem eftir það var aðili að samlaginu ásamt Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Hlutverk Hulu var skv. stofnsamningi að „*annast urðun flokkaðs heimilissorps frá aðildarsveitarfélögum, sem og öðrum aðilum á samlagssvæðinu, sem þess óska og ef stjórn Hulu samþykkir*“.² Haustið 2023 samþykkti sveitarstjórn

¹ Environice (2009).

² Hulu (2021).

Rangárþings eystra að segja sig úr byggðasamlaginu³ og tók úrsögnin gildi í lok þess árs.⁴ Frá því ársbyrjun 2024 eru Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur því einu aðildarsveitarfélögin.

Sú nýja svæðisáætlun sem hér lítur dagsins ljós inniheldur m.a. greiningu á stöðu úrgangsmála í sveitarfélögunum tveimur í árslok 2024. Þessi greining var lögð til grundvallar við mótun framtíðarstefnu sveitarfélaganna, markmiðssetningu og gerð aðgerðaáætlunar (sjá kafla 2 og 3). Upplýsinga var einkum aflað með netleit og með samskiptum við fulltrúa úrgangspjónustufyrirtækja sem þjónusta sveitarfélögin sem um ræðir. Upplýsinga var einnig aflað hjá sveitarfélögunum sjálfum og eftir atvikum með öðrum hætti.

Sjálft svæðisáætlunarskjalið er þannig byggt upp að fyrst er stefna sveitarfélaganna og byggðasamlagsins í úrgangsmálum kynnt, svo og helstu aðgerðir sem ráðist verður í til að fylgja stefnunni eftir. Þar á eftir koma kaflar um bakgrunn svæðisáætlunarvinnunnar, um aðferðir sem beitt var við áætlunargerðina og um þau markmið stjórnvalda í úrgangsmálum sem snúa sérstaklega að sveitarfélögum. Þar á eftir kemur kafli með yfirliti yfir stöðu úrgangsmála í sveitarfélögunum, en stefnumótunin byggir í raun á þeirri stöðu. Aftast í skjalinu eru síðan heimildaskrá og viðaukar.

Á árunum 2022-2025 hefir Environice unnið með nokkrum sveitarfélögum og samtökum sveitarfélaga að gerð svæðisáætlana fyrir viðkomandi landsvæði. Tilteknir hlutar þess skjals sem hér birtist eru eðli málsins samkvæmt keimlíkir eða samhljóða samsvarandi köflum í þessum skjölum. Þetta á sérstaklega við um kafla 4-6, þar sem fjallað er almennt um bakgrunn svæðisáætlunargerðarinnar, aðferðir og markmið stjórnvalda.

Hvanneyri í nóvember 2025

Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice (Umhverfisráðgjafar Íslands ehf.)

³ Rangárþing eystra (2023).

⁴ Hula (2023).

2 Stefna sveitarfélaganna

Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur leggja áherslu á eftirfarandi grunnþætti í stjórnun úrgangsmála á starfssvæði Hulu bs. á gildistíma svæðisáætlunarinnar, þ.e. til ársins 2036.

1. Sveitarfélögin vilja vera í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í innleiðingu hringrásarhagkerfis, með það að meginmarkmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu, auka aðra endurnýtingu og lágmarka förgun.
2. Sveitarfélögin vilja vera fyrirmynd fyrir íbúa og rekstraraðila á svæðinu, m.a. með því að lágmarka úrgang sem fellur til í eigin rekstri sveitarfélaganna og miðla reglulega upplýsingum um áherslur sínar í úrgangsmálum.
3. Sveitarfélögin vilja lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs og að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur. Í samræmi við þetta munu sveitarfélögin beita hagrænum hvötum í úrgangsmálum, með hagsmuni náttúrunnar og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Frekari útfærslu á stefnu sveitarfélaganna í úrgangsmálum má sjá í kafla 3 þar sem lýst er þeim aðgerðum sem sveitarfélögin og byggðasamlagið hyggjast ráðast í til að fylgja stefnunni eftir og ná markmiðum stefnu stjórnvalda um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

3 Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlunin sem hér birtist nær til eftirtalinna málaflokka:

- A. Söfnun og flokkun úrgangs
- B. Förgun
- C. Uppbygging innviða
- D. Samþykktir og gjaldskrár
- E. Samstarf og rekstrarform
- F. Útgáfa og kynning

Í aðgerðaáætluninni er samtals að finna 13 aðgerðir, auk umfjöllunar um vöktun, eftirlit og endurskoðun. Hverri aðgerð um sig er lýst í stuttu máli, tilgreint hver skuli hafa umsjón með framkvæmd hennar og hvenær henni skuli lokið. Aðgerðirnar hafa ekki verið kostnaðarmetnar, en skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsemi sem tengist meðhöndlun úrgangs og samræmist markmiðum laganna, „svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál“. Þegar upp er staðið má því ætla að kostnaður vegna aðgerðanna lendi á úrgangshöfum, en að sama skapi ættu aðgerðirnar, til lengri tíma litið, að draga úr kostnaði þeirra vegna meðhöndlunar úrgangs samfara bættri nýtingu og aukinni verðmætasköpun úr þeim auðlindum sem í úrganginum felast og tilheyrandi samdrætti í magni úrgangs sem krefst kostnaðarsamrar meðhöndlunar.

3.1 Aðgerðir

Nr.	Heiti aðgerðar	Ábyrgðaraðili	Lokadagsetning
A. Söfnun og flokkun úrgangs			
1.	<p>Bætt flokkun heimilisúrgangs frá fyrirtækjum Samstarf við og ráðgjöf til fyrirtækja í sveitarfélögunum tveimur, með aðaláherslu á stærstu ferðaþjónustufyrirtækin, um bætt flokkun úrgangs til að stuðla að því að sveitarfélagið nái lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutfall.</p> <p>Framlag til markmiða:</p> <ul style="list-style-type: none"> Minni urðun heimilisúrgangs Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. <p>Aðgerðin tengist aðgerð nr. 10 um yfirtöku rekstrarþátta.</p>	<p>Hula bs., Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur</p> <p>10% 10%</p>	2026-2029
2.	<p>Söfnun og endurvinnsla garðaúrgangs Uppsetning eða lagfæringar á aðstöðu til söfnunar á garðaúrgangi og ráðstafanir til að koma honum í endurvinnslu, annað hvort með jarðgerð eða beinni nýtingu til uppgræðslu, svo sem með tætingu og dreifingu á ógróið land með taðdreifara, að því tilskyldu að staðfesting fái á að sú ráðstöfun teljist endurvinnsla í skilningi laga.</p> <p>Framlag til markmiða:</p> <ul style="list-style-type: none"> Minni urðun heimilisúrgangs Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. 	<p>Hula bs., Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur</p> <p>3% 4%</p>	2026-2027
3.	<p>Fjölgun grenndarstöðva Uppsetning a.m.k. einnar grenndarstöðvar í Vík til að auðvelda flokkun m.a. gler- og málmumbúða.</p> <p>Framlag til markmiða:</p> <ul style="list-style-type: none"> Minni urðun heimilisúrgangs Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. 	<p>Mýrdalshreppur</p> <p>2% 3%</p>	2026
4.	<p>Endurbætur á ruslabiðum Uppsetning á þrískiptum ruslabiðum („borgartunnum“) í stað núverandi ruslafláta á ljósastaurum til að stuðla að bættri flokkun á rusli sem annars lendir á víðavangi.</p> <p>Framlag til markmiða:</p> <ul style="list-style-type: none"> Minni urðun heimilisúrgangs Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. 	<p>Hula bs., Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur</p> <p>1% 1%</p>	2026

B. Förgun

5. Aukin heimild til urðunar á Skógasandi

Endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi með það fyrir augum að þar verði framvegis heimilt að urða allt að 2.000 tonnum af blönduðum úrgangi á ári. Þannig nýtist staðurinn sem varaleið fyrir förgun úrgangs af svæðinu og annars staðar frá, óháð því hvort blandaður úrgangur sem fellur til á starfssvæði Hulu bs. verði urðaður þar eða sendur til orkuvinnslu.

Hula bs í samvinnu við
Umhverfis- og
orkustofnun

2026

Framlag til markmiða:

- **Minni urðun heimilisúrgangs** 0%
- **Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg.** 0%

Tilgangur aðgerðarinnar er að tryggja að til sé varaleið fyrir förgun úrgangs. Aðgerðin sem slík hefur því ekki áhrif á markmið um minni urðun eða hærra endurvinnsluhlutfall.

6. Bætt innra eftirlit

Uppsetning vogar og myndavélabúnaðar á urðunarstaðnum á Skógasandi til að koma innra eftirliti á staðnum í viðunandi horf.

Hula bs.

2027

Framlag til markmiða:

- **Minni urðun heimilisúrgangs** 1%
- **Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg.** 1%

Aðgerðin er til þess fallin að skapa betri yfirsýn yfir uppruna og afdrif úrgangs, tryggja að kostnaður við förgun falli á úrgangshafa og draga úr líkum á óleyfilegri förgun á staðnum. Aðgerðin sem slík hefur ekki veruleg áhrif á markmið um minni urðun eða hærra endurvinnsluhlutfall, en stuðlar þó að því að endurvinnanlegum úrgangi sé beint í viðeigandi farveg.

C. Uppbygging innviða

7. Ný móttökustöð í Vík

Uppbygging nýrrar móttökustöðvar í Vík fyrir úrgang úr Mýrdalshreppi. Stöðin verður staðsett austar en núverandi stöð, jafnvel við Uxafótarlæk. Frágangur verður með þeim hætti að fólk komist ekki inn á svæðið, tryggt að aðstaða til vigtunar og gjaldtöku verði fullnægjandi og séð til þess að settir verði upp gámar fyrir alla helstu úrgangsflokka, þ.m.t. þá sjö flokka byggingar- og niðurrifsúrgangs sem tilgreindir eru í 10. gr. laga nr. 55/2003.

Mýrdalshreppur

2027-2030

Framlag til markmiða:

- **Minni urðun heimilisúrgangs** 5%
- **Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg.** 5%

Bætt aðstaða til gjaldtöku og flokkunar er til þess fallin að draga úr urðun og auka endurvinnslu.

8. Sorporkuver

Greining á möguleikum á uppbyggingu sorporkuvers á starfssvæði Hulu bs. fyrir óendurvinnanlegan úrgang sem þar fellur til.

Hula bs.

2027

Framlag til markmiða:

- **Minni urðun heimilisúrgangs** 0%
- **Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg.** 0%

Greiningin sem slík hefur ekki áhrif á markmið um minni urðun eða meiri endurvinnslu. Verði af uppsetningu sorporkuvers yrði hins vegar að öllum líkindum bundinn endir á urðun heimilisúrgangs sem til fellur á svæðinu.

D. Samþykktir og gjaldskrár

9. Endurskoðun gjaldskráa

Endurskoðun og samræming gjaldskráa fyrir meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi með eftirtalin atriði að leiðarljósi:

Hula bs.,

2030

Mýrdalshreppur og
Skaftárhreppur

- Að frá og með árinu 2030 standi álögð gjöld undir öllum kostnaði við úrgangsmál, nánar tiltekið þannig að rekstur málaflokksins standi á núlli á hverju þriggja ára tímabili.
- Að öll gjaldtaka miðist við magn úrgangs og kostnað við meðhöndlun hans.
- Að fast gjald á einstakar fasteignareiningar standi að hámarki undir 25% af heildarkostnaði málaflokksins.

Aðgerðin felur í sér að tekið verði gjald skv. vigt af öllum gjaldskyldum úrgangi sem berst á móttökustöðvar.

Aðgerðin tengist aðgerð nr. 7 um nýja móttökustöð í Vík og aðgerð nr. 10 um yfirtöku rekstrarþátta.

Framlag til markmiða:

- **Minni urðun heimilisúrgangs** 5%
- **Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg.** 5%

E. Samstarf og rekstrarform

10. Yfirtaka rekstrarþátta

Yfirtaka þeirra þátta úrgangsmeðhöndlunar sem sveitarfélögin bera beina ábyrgð á skv. lögum nr. 55/2003 og rgl. nr. 803/2023, þ.m.t. söfnun og flutningur heimilisúrgangs frá öllum heimilum og lögaðilum á svæðinu, svo og rekstur söfnunarstöðva og urðunarstaðar. Þetta felur í sér að núverandi samningar við verktaka verði ekki endurnýjaðir þegar þeir renna út 31. ágúst 2029 og að ekki verði farið í nýtt útboð, heldur taki Hulu bs. við þeim rekstrarþáttum sem um ræðir, þ.m.t. þjónustu við rekstraraðila með þeim fyrirvörum sem gerðir eru í 4. gr. rgl. nr. 803/2023. Tilgangurinn er að bæta árangur flokkunar, bæta nýtingu auðlinda og lágmarka förgun, en einnig að bæta gagnaöflun, auka yfirsýn yfir uppruna og ráðstöfun úrgangs og lækka kostnað.

Hula bs.,
Mýrdalshreppur og
Skaftárhreppur

2029

Framlag til markmiða:

- Minni urðun heimilisúrgangs 5%
- Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. 5%

11. Aukið samstarf við nágrannasveitarfélög

Aukið samstarf við nágrannasveitarfélög og aðra aðila sem vinna að bættri meðhöndlun úrgangs og betri auðlindanýtingu, Tilgangur aðgerðarinnar er að auka skilvirkni í úrgangsmeðhöndlun, bæta nýtingu fjárfestinga og tryggja að meðhöndlun úrgangs verði sem mest í anda hringrásarhagkerfisins.

Hula bs.,
Mýrdalshreppur og
Skaftárhreppur

2026-2036

Framlag til markmiða:

- Minni urðun heimilisúrgangs 2%
- Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. 3%

12. Samstarf um nýtingu seyru

Áframhaldandi viðræður og samstarf við Land og skóg og Orkídeu um bættu nýtingu seyru sem fellur til í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi, svo sem til landgræðslu og/eða metanframleiðslu, m.a. í tengslum við byggingu nýrrar hreinsistöðvar í Vík.

Mýrdalshreppur og
Skaftárhreppur

2026-2030

Framlag til markmiða:

- Minni urðun heimilisúrgangs 0%
- Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. 0%

Seyra telst ekki vera heimilisúrgangur.

F. Útgáfa og kynning

13. Bætt birting upplýsinga á heimasíðum

Regluleg birting tölulegra upplýsinga um söfnun úrgangs, afdrif og kostnaðarskiptingu.

Mýrdalshreppur og
Skaftárhreppur

Frá og með 2026

Framlag til markmiða:

- Minni urðun heimilisúrgangs 0%
- Hærra endurvinnsluhlutf. heimilisúrg. 0%

Engin bein áhrif á markmiðin.

3.2 Samanlögð áhrif aðgerða

Í aðgerðalistanum hér að framan (kafla 3.1) er lagt lauslegt mat á árangur hvernar aðgerðar um sig m.t.t. þeirra tveggja meginmarkmiða að ná urðun heimilisúrgangs niður í 10% árið 2035 og hækka endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í áföngum upp í 65% árið 2035.⁵ Rétt er þó að taka fram að í flestum tilvikum er um hreina ágiskun að ræða. Af matinu má ráða að samanlagt dugi aðgerðirnar til að hækka endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs um 37 prósentustig, þ.e.a.s. úr 20%⁶ í 57%. Fljótt á titið virðast aðgerðirnar því nægja til að uppfylla skilyrðið um 55% endurvinnsluhlutfall, en hins vegar ekki til að hækka hlutfallið í 60% eins og krafist er fyrir árslok 2030 eða 65% fyrir árslok 2035.⁷ Því verður áfram leitað allra leiða til að stuðla að enn frekari endurvinnslu, en hugsanlegt er að árangur aðgerðar nr. 1 sé vanmetinn hér að framan.

Aðgerðirnar í aðgerðalistanum nægja ekki til að ná urðunarhlutfalli heimilisúrgangs niður í 10% árið 2035. Samkvæmt lauslegu mati má ráða að samanlagt dugi aðgerðirnar til að lækka urðunarhlutfallið um 34 prósentustig, þ.e.a.s. úr 72%⁸ í 38%. Verði hins vegar ákveðið að senda til orkuvinnslu allan brennanlegan úrgang sem ekki er hægt að endurvinnna, mun sú aðgerð eins og sér nægja til að ná markmiðinu.

3.3 Vöktun, eftirlit og endurskoðun

Gert er ráð fyrir að stjórn Hulu bs. hafi yfirumsjón með framkvæmd svæðisáætlunarinnar, en að dagleg framkvæmd og eftirlit verði í höndum framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Vöktunin einskorðast við eftirfylgni aðgerða á aðgerðaáætlun (sbr. kafla 3.1) og verður framkvæmd með aðferðum gæðastýringar. Þetta felur í sér að fylgst verður með að aðgerðum verði hrint í framkvæmd á tilsettum tíma og að þau skili tilsettum árangri eða afurð. Frávik frá upphaflegri áætlun verða skráð og gerð sérstök úrbótaáætlun sem gripið verður til ef frávik verða. Þetta felur m.a. í sér að ef verki lýkur ekki á tilsettum tíma eða ber ekki tilætlaðan árangur, verði nýr eindagi ákveðinn, eða tekin ákvörðun um breytingar á verkinu eða niðurfellingu.

Rétt er að undirstrika að það eftirlit sem hér um ræðir snýst aðeins um aðgerðaáætlunina sem slíka en ekki um þá þætti sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa eftirlit með samkvæmt lögum. Einnig er ljóst að eftirlitsaðilinn getur ekki borið ábyrgð á framkvæmd verkefna, heldur aðeins fylgst með því að unnið sé samkvæmt svæðisáætluninni.

Í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, skulu sveitarstjórnir á svæðinu eigi sjaldnar en á sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlunina. Fyrstu ákvörðun um þetta þarf því að taka í síðasta lagi fyrir árslok 2031. Þessu atriði verður fylgt eftir með sama hætti og aðgerðum í aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að miklar breytingar geta orðið á forsendum á sex ára tímabili og því er æskilegt að þörfin fyrir endurskoðun sé rædd árlega eða annað hvort ár.

⁵ Sjá kafla 6.1.

⁶ Sjá kafla 9.11.

⁷ Sjá kafla 6.1.

⁸ Sjá kafla 9.11.

Ákvörðun sveitarstjórna um þörfina fyrir endurskoðun samkvæmt framanskráðu mun m.a. byggja á samantekt sem gerð verður á árangri áætlunarinnar. Í þessari samantekt munu koma fram helstu magntölur, yfirlit yfir framvindu aðgerða, samanburður árangurs við markmið áætlunarinnar og spá um líklega framtíðarþróun á næstu árum. Í þessari samantekt felst í raun vöktun á því hvort markmið hafi náðst.

4 Bakgrunnur

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, með síðari breytingum og stefna ráðherra um meðhöndlun úrgangs mynda þann grunn sem svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs byggja á, sjá nánari skýringar í undirköflunum hér að neðan.

4.1 Lög um meðhöndlun úrgangs

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, „*semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir*“. Áætlunin skal hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir. Nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar er að finna í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

4.2 Reglugerð um meðhöndlun úrgangs

Í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, er sem fyrr segir að finna nánari ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar. Samkvæmt reglugerðinni skal svæðisáætlun m.a. innihalda eftirfarandi atriði:

- a) Upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, aðra endurnýtingu, förgun og hvernig sveitarstjórn hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs, stefnu um úrgangsförvarnir og settum tölulegum markmiðum varðandi heimilisúrgang og lífrænan úrgang.
- b) Umfjöllun um úrgangsförvarnir, s.s. um leiðir til að auka endurnotkun á svæðinu
- c) Markmið hvað varðar samdrátt í myndun úrgangs og meðhöndlun úrgangs sem fellur til, einkum heimilisúrgangs sem fer til förgunar eða er nýttur til orkuvinnslu.

Við gerð svæðisáætlana skal, skv. reglugerðinni, nota efnahagsleg stjórnþæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsröðunar við meðhöndlun úrgangs sem fram kemur í lögum um meðhöndlun úrgangs.

Auk þess sem hér hefur verið talið skal a.m.k. eftirfarandi koma fram í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem áætlunin tekur til:

- a) Yfirlit yfir tegund, magn og myndunarstaði alls þess úrgangs sem verður til innan svæðisins sem áætlunin tekur til, þ.m.t. úrgang frá lögaðilum, hvort sem hann fellur til með reglubundnum hætti eða sjaldnar, hvaða úrgangur er líklegt að verði fluttur frá svæðinu eða til þess og mat á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni.
- b) Umfjöllun um stöðvar til endurnýtingar eða förgunar sem eru til staðar, þ.m.t. ef við á sérstakt fyrirkomulag vegna olíuúrgangs, spilliefna, úrgangs sem inniheldur

verulegt magn af þýðingarmiklum hráefnum eða aðrar tegundir úrgangs sem fjallað er sérstaklega um í lögum og reglugerðum.

- c) Mat á gildandi kerfi fyrir söfnun úrgangs, umfjöllun um sérstaka söfnun úrgangs þ.m.t. hvaða úrgangsflokkum er safnað í sérstakri söfnun og hvar innan svæðisins, ráðstafanir til að bæta virkni þess, hvort sveitarstjórn hafi fengið undanþágu frá skyldu til sérstakrar söfnunar og mat á þörfinni fyrir endurbætur á kerfinu.
- d) Mat á nauðsyn þess að loka starfandi móttöku- og söfnunarstöðvum sem og þörf á nýjum móttöku- og söfnunarstöðvum, auk mats á fjárfestingaþörf vegna þeirrar innviðaupbyggingar.
- e) Upplýsingar um hagkvæmt staðarval fyrir stöðvar til endurnýtingar eða förgunar í framtíðinni, sé þörf á þeim.
- f) Almenn stefna varðandi meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. áætluð tækni og aðferðir til meðhöndlunar úrgangs, eða stefna vegna úrgangs sem skapar sérstök vandamál við stjórnun.
- g) Ráðstafanir til að koma í veg fyrir rusl á víðavangi og til að tryggja fullnægjandi hreinsun þess.

Í svæðisáætlunum skal, skv. reglugerðinni, gera grein fyrir því hvort tölulegum markmiðum sem sett eru um endurvinnslu heimilisúrgangs og samdrátt í urðun heimilisúrgangs, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, sé náð á þeirra svæði. Þá skal gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélagið greip til í þeim tilgangi. Ef markmiðum hefur ekki verið náð skal í svæðisáætlun gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélag hyggst grípa til svo þeim verði náð.

Með tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs skipulagssvæðisins geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs einnig tekið til eftirfarandi:

- a) Skipulagsþátta, sem tengjast meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. lýsingu á því hvernig ábyrgð dreifist á opinbera aðila og einkaaðila sem fara með meðhöndlun úrgangs.
- b) Beitingar herferða til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings, lögaðila og annarra handhafa úrgangs.
- c) Aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá.

4.3 Stefna um meðhöndlun úrgangs

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs gefur ráðherra út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Þessi stefna kom út í júní 2021 undir yfirskriftinni *Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum*.⁹ Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016–2027 var felld inn í þessa stefnu. Eins og fram hefur komið þarf svæðisáætlun að innihalda upplýsingar um það hvernig sveitarstjórnir hyggist ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í 0. kafla er gerð grein fyrir þeim markmiðum stefnunnar sem sveitarstjórnir bera a.m.k. að hluta til ábyrgð á að náist.

⁹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021).

4.4 Önnur lög, reglugerðir og stefnumótun

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög „taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags“. Ekki er tilgreint sérstaklega í reglugerðinni að gera skuli grein fyrir þessum svæðum í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, en eins og fram kemur í kafla 4.2 hér að framan geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs m.a. tekið til aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá. Umfjöllun um þessa staði í svæðisáætlun er til þess fallin að setja málið á dagskrá og auka líkur á að staðirnir verði ekki útundan við gerð skipulagsáætlana. Því var ákveðið að stöðugreining svæðisáætlunarinnar næði eftir föngum til svæða af þessu tagi.

5 Aðferðir, forsendur og fyrirvarar

Svæðisáætlunin sem hér birtist er unnin með hliðsjón af ákvæðum 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæðum 5. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, en þar er sem fyrr segir að finna ákvæði um gerð og innihald svæðisáætlunar.

Í mjög einfaldaðri mynd snýst vinnan við gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs um tvennt. Annars vegar þarf að afla sem traustastra upplýsinga um núverandi stöðu úrgangsmála á því svæði sem áætlunin nær til og um þau áform sem þegar eru uppi um breytingar. Hins vegar þarf að móta stefnu sem miðar að því að breyta stöðunni á þann veg að hún samræmist markmiðum stjórnvalda á landsvísu og markmiðum sveitarstjórnanna sem í hlut eiga. Upplýsingar um núverandi stöðu eru grunnurinn sem stefnumótunin byggir á, en stefnumótunin sjálf er eðli málsins samkvæmt sá hluti áætlunarinnar sem mestu máli skiptir.

5.1 Söfnun tölulegra upplýsinga

Söfnun tölulegra upplýsinga um stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum eða landshlutum er ýmsum annmörkum háð, þar sem enn vantar nokkuð upp á að samræmd og svæðaskipt úrgangstölfræði sé aðgengileg og gagnleg til þessara nota. Við gerð svæðisáætlunarinnar þurfti því að finna þá aðferð til talnasöfnunar sem líkleg var til að skila sem áreiðanlegastri niðurstöðu.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á söfnun tölulegra gagna um úrgangsmál og skiptingu magntalna niður á sveitarfélög. Við núverandi aðstæður er þó vandkvæðum bundið að nota talnasafn stofnunarinnar í stöðugreiningu á borð við þá sem hér um ræðir, einkum vegna þess hversu seint tölur skila sér til stofnunarinnar og þar með frá henni. Haustið 2024 þegar vinna við svæðisáætlunina hófst af fullum krafti höfðu tölur fyrir árið 2023 t.a.m. ekki birst í mælaborði Umhverfisstofnunar. Mikilvægt er að svæðisáætlun byggji á sem nýjustum upplýsingum, enda hefur úrgangsstjórnun tekið ýmsum breytingum á síðustu misserum og árum. Því var farin sú leið að leita einkum eftir upplýsingum frá úrgangsverktökum og hjá sveitarfélögum sjálfum. Þessi nálgun virðist í öllum aðalatriðum hafa skilað áreiðanlegum og allvel sundurliðuðum úrgangstölum til að nota í stöðugreiningunni. Til samanburðar var einnig stuðst við tölur úr gagnagrunni Úrvinnslusjóðs yfir sérsöfnun pappírs og plasts í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi 2024. Auk þess fegnust upplýsingar frá Umhverfisstofnun með bráðabirgðatölum fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög 2023, en þær tölur voru ekki notaðir í endanlegri stöðugreiningu, þar sem þær viku í nokkrum veigamiklum atriðum talsvert frá þeim upplýsingum sem fengust beint frá úrgangsverktökunum.

Við gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs er ekki nægjanlegt að hafa aðgang að tölum um heildarmagn úrgangs í tilteknum úrgangsflokkum, heldur þurfa magntölurnar að vera aðgreindar eftir því hvort úrgangurinn kemur frá heimilum eða atvinnulífi, hvort um sé að ræða heimilis- eða rekstrarúrgang, og svo eftir afdrifum úrgangsins. Sveitarfélög bera ábyrgð á að lögbundnum markmiðum um endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs sé náð (sbr. kafla 6.1). Samkvæmt lið 1(c) í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs, sem íslensk úrgangslöggjöf byggir á, skulu þessi hlutföll reiknuð út frá því magni sem skilar sér inn í endurvinnslustöð þegar búið er að vinna úr þann hluta

úrgangsins sem ekki hentar í vinnsluna.¹⁰ Af þessu er ljóst að ekki er mögulegt að reikna endurvinnsluhlutfallið beint út frá því magni sem safnað er sérstaklega í hverju sveitarfélagi til endurvinnslu, heldur þarf jafnframt að áætla hversu stór hluti þessa magns skilar sér á endanum inn í endurvinnsluna.

5.2 Stefnumótun

Stefna sveitarfélaganna sem í hlut eiga er eðli málsins samkvæmt þungamiðjan í þessari svæðisáætlun. Stefnan lá að vissu marki fyrir áður en eiginlega vinna við gerð svæðisáætlunarinnar hófst, en var að öðru leyti mótuð í öllum aðalatriðum af framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á sameiginlegum fundi í Vík 11. nóvember 2025.

¹⁰ „For the purpose of calculating whether the targets ... have been attained: ... the weight of the municipal waste recycled shall be calculated as the weight of waste which, having undergone all necessary checking, sorting and other preliminary operations to remove waste materials that are not targeted by the subsequent reprocessing and to ensure high-quality recycling, enters the recycling operation whereby waste materials are actually reprocessed into products, materials or substances“. (Liður 1(c) í grein 11a í Rammtilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs).

6 Markmið stjórnvalda á beinni ábyrgð sveitarfélaga

Í 7. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, og í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum,¹¹ er að finna ýmis markmið sem sveitarstjórnir bera a.m.k. að hluta til ábyrgð á að náist. Nokkur þeirra markmiða sem snúa beint að sveitarstjórnnum eru eftirtalin. (Ártöl í svigum sýna hvenær markmiði skuli náð):

6.1 Heimilisúrgangur

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að eftirfarandi markmið náist í hverju sveitarfélagi um sig:

- Endurvinnsla heimilisúrgangs
 - 50%
 - 55% (2025)
 - 60% (2030)
 - 65% (2035)
- Urðun heimilisúrgangs
 - 10% (2035)

Markmið stjórnvalda um endurvinnsluhlutföll snúa einnig að einstökum úrgangsflokkum, en í þeim efnum liggur ábyrgðin að miklu leyti á herðum Úrvinnslusjóðs. Hér er sjónum því einkum beint að heimilisúrganginum.

Heimilisúrgangur er skilgreindur svo í 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003:

- i. *blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,*
- ii. *blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum,*
- iii. *en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.*

Skilgreining heimilisúrgangs hér að framan endurspeglast ekki að öllu leyti í þeirri flokkun úrgangs sem lesa má úr fyrirbyggjandi tölum, sem stafar af því að nokkrir úrgangsflokkar innihalda bæði heimilisúrgang og rekstrarúrgang í ótilgreindum hlutföllum. Þetta á einkum við um úrgangsflokkana „Annar grófur úrgangur“, sem svo er gjarnan nefndur í úrgangstölfræði þjónustuaðila, „Málmar (aðrir en ökutæki)“ og e.t.v. einnig „Hreint timbur“.

Alla jafna má ætla að úrgangsflokkurinn „Annar grófur úrgangur“, innihaldi fyrst og fremst byggingar- og niðurrifsúrgang, en í honum leynast einnig m.a. húsgögn, dýnur o.fl., sem í reynd er ekki byggingar- og niðurrifsúrgangur og ætti því að skilgreinast sem heimilisúrgangur og hafa þar áhrif á endurvinnsluhlutföll. Við gerð þessarar

¹¹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021).

svæðisáætlunar var farin sú leið að áætla að 20% af „Öðrum grófum úrgangi“ sé í raun heimilisúrgangur.¹²

Flokkurinn „Málmar (aðrir en ökutæki)“ ætti að innihalda málmúrgang sem hvorki telst vera ökutæki né málmumbúðir. Í þennan flokk ættu þannig m.a. að falla aflagðar vinnuvélar af ýmsu tagi (landbúnaðartæki o.m.fl.) og talsvert af byggingar- og niðurrifsúrgangi (bárújárni o.fl.). Ökutæki virðast þó iðulega einnig vera skráð í þennan flokk í tölum þjónustuaðila sem vinna fyrir sveitarfélögin. Þar við bætist svo eitthvert magn af málmumbúðum sem ekki hefur skilað sér í sérsöfnun (sjá framar). Hér er gert ráð fyrir að 1,5% af heildarmagninu sé heimilisúrgangur, væntanlega einkum málmumbúðir sem ekki var hafin sérsöfnun á árið 2023.¹³

Úrgangsflokkurinn „Hreint timbur“ inniheldur væntanlega bæði heimilisúrgang og byggingar- og niðurrifsúrgang. Að öllum líkindum eru þó vörubretti uppistaðan í þessum úrgangsflokki – og þar sem litið er á vörubretti sem viðarumbúðir teljast þau heimilisúrgangur í skilningi laganna. Hér er því farin sú leið að líta á allt „Hreint timbur“ sem heimilisúrgang.

6.2 Önnur töluleg markmið

Auk þeirra markmiða um endurvinnsluhlutföll heimilisúrgangs sem fjallað er um í kafla 6.1, hafa stjórnvöld sett töluleg markmið sem leggja tilteknar skyldur á sveitarstjórnir hvað varðar urðun lífræns úrgangs og endurnýtingu byggingar- og niðurrifsúrgangs. Um er að ræða eftirtalin markmið. (Ártöl í svigum sýna hvenær markmiði skuli náð):

- Urðun lífræns úrgangs (sbr. 7. gr. rgl. nr. 803/2023)
 - Hámark 35% þess sem féll til 1995 (heimilisúrgangur) (2020)
(Hámark 25.244 tonn á landsvísu)
 - Hámark 35% þess sem féll til 1995 (rekstrarúrgangur) (2020)
(Hámark 58.905 tonn á landsvísu)
- Urðun lífræns úrgangs (sbr. stefnu ráðherra (Aðgerð 16))
 - Bann (2025)?
- Byggingar- og niðurrifsúrgangur
 - 70% efnisendurnýting (2020)

Markmiðin um hámarksurðun lífræns úrgangs eru gömul að grunni til og hafa að vissu leyti verið leyst af hólmi með öðrum markmiðum. Engu að síður er þau enn að finna í löggjöf um úrgangsmál. Þarna er um að ræða markmið um að árið 2020 skuli lífrænn úrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna úrgangs sem féll til 1995, annars vegar fyrir heimilisúrgang og hins vegar rekstrarúrgang. Í reynd er ógjörningur fyrir einstök sveitarfélög eða svæði að ganga úr skugga um hvort þetta markmið hafi náðst, bæði vegna þess að upplýsingar um raunverulegt magn 1995 eru óáreiðanlegar og vegna þess að ekki er hægt að lesa núverandi magn (eða magnið 2020 sem var eindagi markmiðsins) út úr úrgangstölfræðinni eins og hún er sett fram. Ástæða þess síðarnefnda er að inn í tölurnar ber að reikna allan lífrænan úrgang, þ.m.t. þann lífræna úrgang sem falinn er í blönduðum

¹² Sjá nánari útskýringar í Viðauka 2.

¹³ Sama.

úrgangi. Vissulega er hægt að áætla hlutdeild lífræna úrgangsins í einstökum flokkum úrgangs sem sendur er til urðunar, en í slíkum áætlunum eru jafnan notaðar staðlaðar prósentutölur sem endurspeglar ekki breytileika milli sveitarfélaga, svo sem vegna mismunandi árangurs í sérsöfnun lífúrgangs. Niðurstaðan verður því óhjákvæmilega marklítill. Enn fremur voru viðmiðunartölur fyrir 1995 reiknaðar fyrir einstaka urðunarstaði og síðan þá hafa orðið töluverðar breytingar á því hvert einstök sveitarfélög senda úrgang til urðunar. Þetta gerir útreikninga og samanburð enn ómarkvissari en ella. Með hliðsjón af þessu var ákveðið við gerð þessarar svæðisáætlunar að reyna ekki að leggja mat á hvort umrædd markmið hafi náðst. Vandséð er að frekari úrvinnsla hvað þetta varðar komi að nokkru gagni í því starfi sem framundan er í úrgangsmálum sveitarfélaga.

Samkvæmt síðara markmiðinu sem hér er til umfjöllunar áttu a.m.k. 70% af byggingar- og niðurrifsúrgangi að fara til efnisendurnýtingar 2020. Í minnisblaði sem Environice vann fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga 2022 var komist að þeirri niðurstöðu að sveitarstjórnir beri ekki ábyrgð á að þessu markmiði verði náð, heldur einungis að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Þetta feli í sér að þar sé aðstaða til að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang í spilliefni, timbur, steinefni, málm, gler, plast og gifs, (sbr. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003). Á sveitarstjórnnum hvíli einnig sú skylda að ákveða fyrirkomulag söfnunar og þær geti sett sérstök ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs um skyldu lögaðila til að flokka úrganginn sem um ræðir. Ákvæði um þá skyldu er reyndar þegar að finna í byggingarreglugerð, þar sem fram kemur að úrgangurinn skuli flokkaður með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.¹⁴

Þrátt fyrir að sveitarstjórnir beri ekki beinlínis ábyrgð á að markmiðið um 70% efnisendurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs náist er gerð tilraun til þess í kafla 9.11.3 að leggja mat á stöðu aðildarsveitarfélaga Hulu gagnvart þessu markmiði. Fyrirliggjandi tölur eru hins vegar ekki nægjanlega sundurliðaðar til að hægt sé að aðgreina magn byggingar- og niðurrifsúrgangs frá öðrum magntölum með óyggjandi hætti.

6.3 Rusl á víðavangi

Í 5. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023, kemur fram að eftir því sem við á og að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem svæðisáætlunin tekur til skuli koma fram í áætluninni „ráðstafanir til að koma í veg fyrir rusl á víðavangi og til að tryggja fullnægjandi hreinsun þess“ (sjá framar) og samkvæmt 14. gr. sömu reglugerðar skal sveitarstjórn „sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. gördum og torgum“. Í 8. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, kemur fram að í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda plastvara og veiðarfæra felist að þeir skuli fjármagna söfnun þessara vara „þegar þær eru orðnar að úrgangi, fjármagna upplýsingagjöf og fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi, sbr. 37. gr. h laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998“.

¹⁴ Stefán Gíslason(2022).

Á stjórnarfundum Úrvinnslusjóðs 14. apríl 2023 var samþykkt fyrirkomulag greiðslna úr sjóðnum fyrir söfnun rusls á víðavangi samkvæmt framanskráðu. Samkvæmt þessu verða greiddar 262 kr/kg fyrir einnota plastvörur sem bera úrvinnslugjald og Úrvinnslusjóði ber að greiða af vegna söfnunar á víðavangi, þ.m.t. úrgangur úr ruslabiðum sem stjórnvöld hafa komið fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang. Ekki er gerð krafa um að efni verði sérgreint frá öðru efni sem safnast á víðavangi heldur er gengið út frá því að hlutfall einnota plastvara af heildarsöfnun úrgangs sem safnast sé 5%. Það þýðir í reynd að ef 100 kg safnast er gert ráð fyrir að þar af séu gjaldskyldar einnota plastvörur 5 kg og að þar af leiðandi greiði sjóðurinn samtals $5 \times 262 = 1.310$ kr. fyrir söfnunina. Greiðslur eru bundnar við hreinsun á vegum sveitarfélaga og annarra opinberra aðila eða hreinsun sem gerð er í umboði þeirra.¹⁵

Greiðslur Úrvinnslusjóðs fyrir söfnun rusls á víðavangi verða útfærðar með þeim hætti að tiltekið framlag verður greitt til allra sveitarfélaga fyrir árin 2023 og 2024, nánar tiltekið 131 kr./íbúa fyrir hvort ár. Í reynd er þá gert ráð fyrir að hver íbúi hendi að meðaltali 10 kg og að þar af beri sjóðnum að greiða fyrir 0,5 kg. Sækja þurfti um þessar greiðslur fyrir árslok 2024 og leggja fram skjöl til staðfestingar á kostnaði t.d. „í formi kvittunar fyrir móttöku og greiðslu fyrir hreinsun úr ruslabiðum, launagreiðslur vegna unglíngavinnu, styrkir til aðila í plokki eða annað á móta“.¹⁶

Ljóst er að aðferðir og umfang hreinsunar á rusli á víðavangi ræðst mjög af aðstæðum á hverjum stað. Greiðslur úr Úrvinnslusjóði eru til þess fallnar að auðvelda hreinsun af þessu tagi, en hrökkva þó fljótt á litið skammt. Gjaldskráin hefur auk heldur ekki verið uppfærð þótt liðin séu tvö og hálf ár frá því að ákvörðun um hana var tekin.¹⁷

6.4 Þýðingarmikil hráefni

Eins og fram kemur í kafla 4.2 skal, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem svæðisáætlunin tekur til, m.a. fjalla í svæðisáætlun um sérstakt fyrirkomulag vegna úrgangs sem inniheldur verulegt magn af þýðingarmiklum hráefnum eða aðrar tegundir úrgangs sem fjallað er sérstaklega um í lögum og reglugerðum. Hugtakið *þýðingarmikil hráefni* (e. critical raw materials) er ekki skilgreint í íslenskri löggjöf, að öðru leyti en því sem fram kemur í 3. gr. rgl. um meðhöndlun úrgangs þar sem hugtakið er skilgreint sem „*hráefni sem eru á lista framkvæmdastjórnar ESB yfir þýðingarmikil hráefni*“.

Þýðingarmikil hráefni eru skilgreind í Viðauka II við Evrópureglugerð um þessi hráefni frá því í apríl 2024,¹⁸ en í viðaukanum er birt 5. útgáfa af lista yfir efnin. Fyrsta útgáfan birtist 2011 og hefur síðan verið uppfærð á þriggja ára fresti.¹⁹ Vitað er að nokkur þessara hráefna koma við sögu í meðhöndlun úrgangs á Íslandi, svo sem antímon, beryllíum, kóbalt, lípíum, magnesíum, kísilmálmur, platína, títan og vanadíum, en þessi efni er væntanlega einkum að finna í eldvarnarefnum, blýrafgeymum, raftækjum og rafeindatækjum (þ.m.t. lækningatækjum), rafhlöðum, hálfleiðurum, hvarfakútum, efnahvötum, gleri, keramík, tilbúnum áburði og hergögnum, svo eitthvað sé nefnt.

¹⁵ Úrvinnslusjóður (2023).

¹⁶ Úrvinnslusjóður (2024).

¹⁷ Úrvinnslusjóður (á.á.). (Skoðað 7. nóvember 2025).

¹⁸ Framkvæmdastjórn ESB (2024).

¹⁹ Framkvæmdastjórn ESB (2023).

Sveitarfélögum er augljóslega vandi á höndum þegar kemur að umfjöllun um þýðingarmikil hráefni í svæðisáætlun, annars vegar vegna þess að þau hafa engin lagaákvæði né leiðbeiningar til að styðjast við og hins vegar vegna þess að árangur af endurheimt þessara efna ræðst öllu öðru fremur í námuvinnslu, á framleiðslustað þess varnings sem efnin eru notuð í og á stöðum þar sem unnið er að endurvinnslu slíks varnings (svo sem málmendurvinnslu og endurvinnslu á rafhlöðum og öðrum rafbúnaði). Hlutverk sveitarfélaga hlýtur einkum að lúta að því að tryggja að varningur sem inniheldur þessi efni eigi greiðan farveg í endurvinnslu í stað þess að vera fargað á urðunarstöðum eða með öðrum hætti. Þetta á væntanlega einkum við um málma og raftækjaúrgang.

Með hliðsjón af framanskráðu verður ekki fjallað nánar um þýðingarmikil hráefni í þessari svæðisáætlun, heldur aðeins vísað í almenna umfjöllun áætlunarinnar um úrgangsforvarnir og bættu aðstöðu til söfnunar og flokkunar úrgangs.

7 Aðildarsveitarfélög Hulu bs.

7.1 Mýrdalshreppur

Mýrdalshreppur varð til 17. ágúst 1983 við sameiningu Dyrhólahrepps og Hvammshrepp. Reyndar var allt svæðið eitt sveitarfélag fram til ársins 1887 og nefndist þá Dyrhólahreppur. Hvammshreppur var síðan stofnaður úr hluta Dyrhólahrepps 28. febrúar umrætt ár.²⁰

Mýrdalshreppur nær frá Jökulsá á Sólheimasandi í vestri, þar sem Rangárþing eystra er næsti nágranni, og að Blautukvísl í austri, þar sem Skaftárhreppur tekur við. Til norðurs á Mýrdalshreppur land nokkuð upp á Mýrdalsjökul, en svæðið þar fyrir norðan tilheyrir Skaftárhreppi. Flatarmál sveitarfélagsins er 749 km².

Þann 1. janúar 2025 voru 965 íbúar skráðir með lögheimili í Mýrdalshreppi, þar af 720 í Vík, sem er eini þéttbýliskjarninn. Á síðustu árum hefur byggst upp mikil ferðaþjónusta í Vík, og sú atvinnugrein er nú orðin sú stærsta í sveitarfélaginu. Í dreifbýli sveitarfélagsins er einnig víða stunduð ferðaþjónusta, auk hefðbundins landbúnaðar.

7.2 Skaftárhreppur

Skaftárhreppur varð til 16. mars 1990 við sameiningu Hörgslandshrepps, Kirkjubæjarhrepps, Skaftártunguhrepps, Leiðvallarhrepps og Álftavershrepps.²¹ Í vestri skilur Blautakvísl á milli Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps, en þegar komið er upp á Mýrdalsjökul liggja mörkin til vesturs norðan við Mýrdalshrepp. Þar fyrir norðan á Skaftárhreppur land að Rangárþingi eystra og síðan Ásahreppi allt frá Torfajökli og eftir Tungufljóti alla leið að Vatnajökli og síðan áfram í beina línu upp á Bárðarbungu. Þaðan liggja mörkin um Grímsvötn og Grænalón og loks til sjávar eftir Gígjukvísl. Þar fyrir austan tekur Sveitarfélagið Hornafjörður við. Flatarmál sveitarfélagsins er 6.943 km².

Þann 1. janúar 2025 voru 627 íbúar skráðir með lögheimili í Skaftárhreppi, þar af 203 á Kirkjubæjarklaustri, sem er eini þéttbýliskjarninn. Mikill landbúnaður er stundaður í sveitarfélaginu, en á síðustu árum hefur einnig orðið mikil uppbygging ferðaþjónustu, auk þess sem öðrum þjónustugreinum hefur vaxið fiskur um hrygg.

²⁰ Byggðastofnun (2022).

²¹ Sama heimild.

8 Urðunarstaðurinn á Skógasandi

Aðalverkefni Hulu bs. er rekstur urðunarstaðar fyrir blandaðan úrgang á Skógasandi, nánar tiltekið í landi Ytri-Skóga í Rangárþingi eystra. Núgildandi starfsleyfi fyrir staðinn var upphaflega gefið út 14. febrúar 2014, en var breytt 20. ágúst 2019.²² Starfsleyfið gildir til 14. febrúar 2030. Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á staðnum á ári, þó aldrei meira en 10 tonn á dag. Leyfið nær yfir blandaðan og grófan úrgang sem ekki flokkast sem spilliefni. Þá er heimilt að reka söfnunarstöð (gámastöð) í tengslum við urðunarstaðinn, þar sem heimilt er að taka á móti allt að 130 tonnum af úrgangi á ári. Hins vegar er óheimilt að geyma úrgang á urðunarstaðnum, að undanskilinni þeirri geymslu sem felst í rekstri söfnunarstöðvarinnar.

Aðstæður til urðunar á Skógasandi eru að mörgu leyti góðar, en þar er urðað í þykkt lag af þurrum sandi. Umgjörð staðarins er mjög einföld og þar er hvorki skylt að safna sigvatni né hauggasi.

Í eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar hefur komið fram að urðað magn á Skógasandi hafi nokkrum sinnum farið yfir hin leyfilegu 400 tonna mörk. Samkvæmt eftirlitsskýrslu frá 5. október 2021 hafði urðun umfram heimildir þá verið „viðvarandi vandamál“,²³ í eftirlitsskýrslu frá 24. ágúst 2023 kemur fram að árið 2022 hafi verið urðuð þar samtals 768,8 tonn²⁴ og samkvæmt eftirlitsskýrslu frá 1. júlí 2024 nam urðunin 917,34 tonnum árið 2023. Í sömu skýrslu kemur fram að viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sé ekki til og að skilum á skráningum hafi verið ábótavant.²⁵ Nýrri eftirlitsskýrslur liggja ekki fyrir.²⁶

Á árinu 2024 voru urðuð 1.504,5 tonn á Skógasandi skv. upplýsingum frá þjónustuaðila. Urðun virðist samkvæmt framanskráðu hafa farið ört vaxandi síðustu ár, en hluti af skýringunni liggur í að nýlega var urðun hætt á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi og blandaður úrgangur þess í stað fluttur þaðan til urðunar á Skógasandi. Einnig berst enn úrgangur frá fyrirtækjum á austasta hluta Rangárþings eystra (þ.e. fyrrum Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppum). Samkomulag um þetta fyrirkomulag var gert við útgöngu Rangárþings eystra úr sorpsamlaginu.²⁷ Tafla 1 sýnir sundurliðaðar urðunartölur fyrir árið 2024.

²² Umhverfisstofnun (2014).

²³ Umhverfisstofnun (2021).

²⁴ Umhverfisstofnun (2023).

²⁵ Umhverfisstofnun (2024).

²⁶ Umhverfis- og orkustofnun (á.á.). (Skoðað 7. nóvember 2025).

²⁷ Sjá kafla 1.

Tafla 1. Úrgangur til urðunar á Skógasandi 2024 (kg.).

Uppruni	Mýrdalshreppur	Skaftárhreppur	Rangárþing eystra	Samtals
Sorphirða	70.546	34.371		104.917
Gámavellir	244.430	213.070		457.500
Fyrirtæki	587.035	133.440	221.570	942.045
Samtals	902.011	380.881	221.570	1.504.462

Eins og ráða má af töflunni hér að framan nálgast magn urðaðs úrgangs á Skógasandi fjórfalt það magn sem heimilt er að urða þar árlega samkvæmt starfsleyfi. Til að bregðast við þessu er í undirbúningi að sækja um breytingu á starfsleyfi þannig að heimilt verði að urða allt að 2.500 tonn á ári, m.a. með það í huga að unnt verði að taka við óbrennanlegum úrgangi frá öðrum svæðum. Í framhaldinu yrðu nauðsynleg gögn lögð fyrir Skipulagsstofnun, sem tæki þá væntanlega afstöðu til matskyldu.

Hringrás ehf. tók við rekstri urðunarstaðarins á Skógasandi frá 1. nóvember 2023 skv. samningi þar um við Hulu bs. Samningurinn rann út um mánaðarmótin september/október 2025. Nýr rekstraraðili hefur ekki tekið við urðunarstaðnum og því hefur enginn úrgangur verið urðaður á Skógasandi síðustu mánuði ársins. Blandaður úrgangur hefur þess í stað verið fluttur til höfuðborgarsvæðisins, þar sem Terra hefur tekið við honum til flutnings til orkuvinnslu erlendis.

9 Staða úrgangsmála haustið 2024

Þessi kafli hefur að geyma greiningu á stöðu úrgangsmála í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi í árslok 2024, auk þess sem vísað er í breytingar sem hafa orðið á árinu 2025. Greiningin var lögð til grundvallar við mótun framtíðarstefnu sveitarfélaganna í úrgangsmálum, markmiðssetningu og gerð aðgerðaáætlunar (sjá kafla 2 og 3). Upplýsingar um stöðuna voru einkum fengnar úr eigin gögnum sveitarfélaganna.

Stöðugreining af því tagi sem hér birtist getur aldrei verið tæmandi. Ein af veigamestu ástæðunum fyrir því er að á hverju ári fellur til talsvert magn af úrgangi sem ekki ratar inn í úrgangsbókhaldið, eða er þá aðeins skráður þar að takmörkuðu leyti. Dæmi um slíkan úrgang eru t.d. textílúrgangur sem félagasamtök safna í sérstaka fatagáma, garðaúrgangur og jarðvegur sem mokað er upp úr húsgrunnum og ekið á tipp. Þessir „ósýnilegu úrgangsflokkar“ eiga það sameiginlegt að vera ráðstafað að einhverju eða öllu leyti án beinnar aðkomu sveitarfélaga og án þess að hefðbundnir úrgangsverktakar séu kallaðir til. Af þessu leiðir að þessir aðilar fá gjarnan takmarkaðar upplýsingar um magn viðkomandi úrgangsflokka.

9.1 Fyrirkomulag sorphirðu

Árið 2023 var ráðist í sameiginlegt útboð á úrgangspjónustu fyrir Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp og í tengslum við það var fyrirkomulag úrgangsmála í sveitarfélögunum samræmt að mestu leyti, þ.m.t. hvað sorphirðu varðar. Í báðum sveitarfélögunum er svonefnt „fjögurra tunna kerfi“ við lýði við heimili og við stofnanir sveitarfélaganna. Hægt er að velja um nokkrar stærðir ílát. Lífúrgangi er safnað í 120 lítra ílát („brúnar tunnur“), plastumbúðum í 240 eða 660 lítra ílát, pappa og pappír sömuleiðis í 240 eða 660 lítra og blönduðum úrgangi í 120, 240 eða 660 lítra. Sama fyrirkomulag er viðhaft hvað þetta varðar í dreifbýli og þéttbýli, að öðru leyti en því að húsráðendur í dreifbýli hafa val um það hvort lífúrgangur sé hirtur frá þeim. Úrgangur er ekki hirtur frá sumarhúsum, en þau hafa aðgang að gámasvæði og sameiginlegum sorpílátum gegn greiðslu sorpgjalds (sjá síðar). Öll ílát eru tæmd með fjögurra vikna millibili, einn úrgangsflokkur í senn. Því er í reynd farin ein söfnunarferð í hverri viku.

Sveitarfélögin sjá alla jafna ekki um sorphirðu frá rekstraraðilum, heldur gera þeir yfirleitt beina samninga við verktaka. Rekstraraðilar sem það kjósa geta sjálfir séð um að koma heimilisúrgangi í móttökustöð, en geta jafnframt notað þjónustu sveitarfélaganna í samræmi við gjaldskrár.

9.2 Grenndarstöðvar

Engin grenndarstöð er í Mýrdalshreppi og þar af leiðandi engin aðstaða til sérsöfnunar á málmumbúðum og glerumbúðum (án skilagjalds). Hins vegar hefur Rauði kross Íslands verið með söfnunarlát fyrir textílúrgang hjá slökkvistöðinni í Vík. Óvissa ríkir um framtíð þess samstarfs, þar sem erfiðlega hefur gengið að koma textílúrgangi til endurvinnslu. Í Skaftárhreppi gegna lúgur á móttökustöðinni á Kirkjubæjarklaustri hlutverki grenndarstöðvar. Allir opnir gámar fyrir úrgang hafa verið fjarlægðir úr dreifbýli sveitarfélaganna, að frátöldum tveimur gámastæðum fjarri alfaraleið, sem ætluð eru frístundahúsum á viðkomandi svæðum.

9.3 Gámastöðvar/móttökustöðvar

Móttökustöðin Gámavellir er starfrækt að Smiðjuvegi 1 í Vík. Þangað geta íbúar og rekstraraðilar komið með alla helstu flokka úrgangs á opnunartíma sem er alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 15-18, svo og annan hvorn föstudag og annan hvorn laugardag kl. 10-14. Tekið er gjald fyrir móttöku úrgangs sem ekki ber úrvinnslugjald og miðast gjaldtakan við áætlaðan rúmmetrafjölda. Sama fyrirkomulag er á Kirkjubæjarklaustri og opnunartímar einnig þeir sömu. Móttökustöðin er staðsett að Iðjuvöllum 8. Á móttökustöðvunum eru m.a. ílát fyrir alla flokka byggingar- og niðurrifsúrgangs sem tilgreindir eru í kafla 6.2, en e.t.v. þarf þó að bæta aðstöðu til móttöku á gífsi á móttökustöðinni í Vík.

9.4 Önnur söfnun og flokkun

Eldri borgarar og önnur félagasamtök hafa sinnt söfnun skilagjaldsskyldra umbúða bæði í Vík og á Kirkjubæjarklaustri. Þá hefur Rauði krossinn séð um fatasöfnun, en sem fyrr segir er framtíð þess samstarfs í óvissu. Væntanlega mun þó úrgangsverktaki koma upp söfnunarílatum þegar söfnun verður hætt á vegum Rauða krossins.

Enginn nytjamarkaður er í sveitarfélögunum. Garðaúrgangur sem fellur til í Vík hefur verið notaður við uppgræðslu í Víkurfjöru.

Fyrirtækið Byggðaból ehf. hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til söfnunar og flutnings á „*seyru úr rotþróum frá heimilum, sumarústöðum, ferðaþjónustu og annarri sambærilegri starfsemi í Skaftárhreppi*“. Starfsleyfið var gefið út 26. mars 2018 og gildir til 12 ára. Samkvæmt starfsleyfinu skal seyran grófhreinsuð áður en hún er flutt til frekari vinnslu eða til förgunar.²⁸ Farga má seyrunni á urðunarstaðnum á Stjórnarsandi að því tilskyldu að þurrefnisinnihald sé ekki undir 20%.²⁹

9.5 Förgunarstaðir/meðhöndlunarstaðir

Blandaður úrgangur úr sveitarfélögunum tveimur hefur sem fyrr segir verið urðaður á urðunarstað Hulu bs. á Skógasandi.³⁰ Áður var blandaður úrgangur úr Skaftárhreppi urðaður á urðunarstað sveitarfélagsins á Stjórnarsandi í landi Breiðabólstaðar, um 2 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn var upphaflega gefið út 27. nóvember 2013, en breytt 20. ágúst 2019. Starfsleyfið gildir til 27. nóvember 2029. Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að taka á móti allt að 200 tonnum á ári á Stjórnarsandi, til urðunar, kurlunar og geymslu. Einungis er heimilt að urða úrgang sem á uppruna sinn í Skaftárhreppi. Þá takmarkast heimild til geymslu úrgangs við timbur, hjólbarða, plast og brotajárn sem ekki inniheldur spilliefni. Magn timburs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 30 tonn hverju sinni, hjólbarðar ekki yfir 25 tonn, plast ekki yfir 10 tonn og brotajárn ekki yfir 30 tonn. Þá er óheimilt að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%).³¹

Fyrirkomulaginu á Stjórnarsandi hefur nú verið breytt á þann veg að urðun blandaðs úrgangs er hætt. Samkvæmt nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins 2023-2043 er svæðið framvegis „*ætlað fyrir urðun á óvirkum úrgangi, seyru og geymslu á garðaúrgangi*“, með

²⁸ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (2018).

²⁹ Umhverfisstofnun (2019).

³⁰ Sjá nánar í kafla 8.

³¹ Umhverfisstofnun (2019).

hámarks magn allt að 200 tonn á ári.³² Ekki hefur verið tekið á móti neinum úrgangi á Stjórnarsandi síðan 1. nóvember 2023. Stefnt er að því að ljúka frágangi á staðnum og loka honum í framhaldi af því.³³

Í eftirlitsskýrslu Umhverfis- og orkustofnunar frá 10. júní 2025 kemur fram að enn sé geymt talsvert magn af blönduðum úrgangi á urðunarstaðnum á Stjórnarsandi, einkum timbri. Þó hafi dregið verulega úr magninu frá því sem áður var. Klára þurfi „frágang á úrganginum og ráðstafa eftir því hvað þarf að urða og hvað hægt er að koma í endurvinnslu“.³⁴

Auk framangreindra urðunarstaða rekur Mýrdalshreppur lítinn urðunarstað við Uxafótarlæk, rúma 2 km austan við þéttbýlið í Vík. Samkvæmt starfsleyfi sem gefið var út 1. júní 2010 og gildir til 1. júní 2026 er heimilt að urða á staðnum allt að 80 tonn af úrgangi á ári, en þó einungis úrgang sem á uppruna sinn í Mýrdalshreppi. Sótt verður um framlengingu starfsleyfisins.

Staðurinn við Uxafótarlæk er í raun tvískiptur. Norðan þjóðvegjar má urða óvirkan úrgang og tiltekna flokka meðhöndlaðs byggingar- og niðurrifsúrgangs. Sunnan þjóðvegjar má urða seyru úr rotþróm og úrgang frá skólphreinsistöðvum.³⁵ Í reynd er staðurinn norðan þjóðvegjar lítið notaður og þá helst fyrir uppgröft o.fl. á vegum sveitarfélagsins. Seyra er enn afsett neðan þjóðvegjar, en stefnt er að uppbyggingu lífrænnar hreinsistöðvar í Vík og bættri nýtingu seyru í framhaldi af því.

Samkvæmt eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna urðunarstaðarins við Uxafótarlæk frá 12. júní 2024 voru urðuð þar 58 tonn af ristarúrgangi og seyru árið 2023. Í skýrslunni er getið um nokkur frávik frá starfsleyfi, m.a. hvað varðar skil á skráningum, aðgengi að svæðinu, geymslu á úrgangi, frágang urðunarreina og starfsemi sem ekki tengist rekstraraðila.³⁶

Engar miltisbruna- eða riðugrafir í sveitarfélögunum eru merktar inn á kortasjá Umhverfisstofnunar yfir mengaðan jarðveg.³⁷ Þar er ekki heldur að finna upplýsingar um aðra mengunarstaði. Heimildir eru þó til um miltisbrunagröf í landi Ketilsstaða í Mýrdal milli Skeiðflatar og Steigar.³⁸

9.6 Önnur ráðstöfun úrgangs

Blandaður úrgangur sem til fellur í sveitarfélögunum tveimur er sem fyrr segir urðaður á Skógasandi.³⁹ Verktakar sjá um ráðstöfun allra úrgangsflokka, þ.m.t. að koma pappír, plasti, glerumbúðum, málmumbúðum, textíl, raftækjum, spilliefnum, málmum og dekkjum í endurvinnslu. Lífúrgangur er fluttur í gas- og jarðgerðarstöðina GAJU í Álfsnesi.

³² Skaftárhreppur (2025). (Bls. 73).

³³ Umhverfis- og orkustofnun (2025).

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Umhverfisstofnun (2010).

³⁶ Umhverfisstofnun (2024b).

³⁷ Umhverfisstofnun (2024d).

³⁸ Sigurður Sigurðarson (2014). (Bls. 273).

³⁹ Sjá þó kafla 8.

9.7 Samningar við verktaka

Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur eru með samninga við Kubb ehf. um sorphirðu, rekstur móttökustöðva og ráðstöfun þess úrgangs sem til fellur. Hringrás ehf. sá um tíma að mestu eða öllu leyti um framkvæmdina sem undirverktaki, en því samstarfi hefur verið hætt, enda höfðu þá verið nokkrir misbrestir á framkvæmdinni, bæði hvað varðar söfnun (einkum í Skaftárhreppi) og skil upplýsinga til sveitarfélaganna. Samningarnir við Kubb ehf. tóku gildi 1. september 2023 og renna út 31. ágúst 2029.

9.8 Samþykktir, gjaldskrár og kostnaður

Bæði sveitarfélögin sem í hlut eiga hafa nýlokið við endurskoðun samþykktanna sinna um meðhöndlun úrgangs, svo og endurskoðun gjaldskráa sem byggja á samþykktunum. Samþykktirnar taka mið af þeim breytingum á úrgangsregluverkinu sem tekið hafa gildi á síðustu misserum.

Í Mýrdalshreppi er í gildi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í nr. 478/2024⁴⁰ og í Skaftárhreppi samþykkt nr. 325/2024.⁴¹ Markmið beggja samþykktanna er „að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs [og] að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur“. Samþykktirnar eru samhljóða í veigamiklum atriðum, en í samþykkt Skaftárhrepps er þó kveðið skýrar á um verkaskiptingu varðandi söfnun og flutninga heimilisérgangs frá rekstraraðilum. Þar kemur fram að sveitarfélagið annist „sorphirðu frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og söfnun heimilisérgangs frá rekstraraðilum, nema ef rekstraraðili nýtir aðrar viðurkenndar leiðir til að afhenda heimilisérgang á móttökustöð“.⁴²

Gjaldtaka í Mýrdalshreppi fer eftir gjaldskrá nr. 768/2024⁴³ og í Skaftárhreppi eftir gjaldskrá nr. 431/2024.⁴⁴ Samkvæmt gjaldskránum leggst sorphirðugjald á hverja íbúð, lögbýli og íbúðarhús – og ræðst gjaldið af stærð og fjölda íláta. Fyrir sumarhús og frístundahús greiðist fast sorpgjald sem tryggir aðgang að rafrænu klippikorti á gámasvæðum sveitarfélaganna og sorpílátum í grennd við sumarhúsabyggðir. Þá greiða fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim, óski þeir eftir að vera inni í sorphirðuhring skv. útgefnu dagatali. Gjaldskráin nær einnig yfir móttökugjöld á móttökustöðvum. Þar greiða rekstraraðilar fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt eða rúmmáli, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald. Aðilar sem greiða sorpgjald fá hins vegar árlega afhent klippikort sem inniheldur losun á 4 m³ af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. „Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans“. Hvert klipp er upp á 0,25 m³ sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu. Samkvæmt því er hægt að skila gjaldfrjálst úrgangsmagni sem samsvarar 16 fullum 240 l tunnum á ári. Gjaldskrárnar eru í öllum meginatriðum í takti við meginregluna um „Borgað þegar hent er (BPHE)“. Gjöld eru almennt nokkru hærri í

⁴⁰ Mýrdalshreppur (2024b).

⁴¹ Skaftárhreppur (2024b).

⁴² Sama heimild. (4. gr.).

⁴³ Mýrdalshreppur (2024).

⁴⁴ Skaftárhreppur (2024).

Skaftárhreppi en Mýrdalshreppi, enda sveitarfélagið fámennara og vegalengdir meiri. Öll gjöld taka breytingum 1. janúar ár hvert í takti við vísitölubreytingar.

Samkvæmt mælaborði Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 var heildarkostnaður Mýrdalshrepps vegna úrgangsmála (Málaflokkur 08-2) það ár um 72,4 millj. kr. eða um 75.000 kr. á hvern íbúa. Innheimt sorpgjöld námu um 29,8 millj. kr. sem samsvarar um 30.900 kr. á íbúa.⁴⁵ Mismunurinn á þessu tvennu, um 42,6 millj. kr. (44.125 kr./íbúa), var greiddur úr sveitarsjóði og nam sú niðurgreiðsla því um 58,8% af heildarkostnaði málaflokksins. Niðurgreiðsla af þessu tagi er óheimil, en hefur lengi viðgengist hjá flestum sveitarfélögum á Íslandi.

Mælaborð Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 inniheldur ekki upplýsingar um kostnað eða Skaftárhrepps vegna úrgangsmála það ár,⁴⁶ en árið 2023 var heildarkostnaðurinn um 55,6 millj. kr. eða um 89.600 kr. á hvern íbúa miðað við íbúafjölda 1. kanúar 2024. Innheimt sorpgjöld námu þá um 16,3 millj. kr. sem samsvarar um 26.400 kr. á íbúa.⁴⁷ Mismunurinn á þessu tvennu, um 39,2 millj. kr. (63.298 kr./íbúa), var greiddur úr sveitarsjóði og nam sú niðurgreiðsla því um 70,6% af heildarkostnaði málaflokksins.

9.9 Útgáfa og kynning

Á heimasíðum sveitarfélaganna er að finna sorphirðudagatöl, flokkunarleiðbeiningar og fræðslu um úrgangsmál.^{48,49} Hluti af þessum upplýsingum þarfnast þó uppfærslu, einkum flokkunarleiðbeiningarnar. Á síðunum er ekki að finna upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði, eins og skylt er skv. 23. gr. laga nr. 55/2003.

9.10 Framtíðarsýn

Framtíðarsýn sveitarfélaganna sem í hlut eiga endurspeglast að grunni til í markmiðum samþykktu sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs.⁵⁰

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps er að finna nokkur stefnumótandi ákvæði sem snúa að úrgangsmálum. Þar kemur m.a. fram að leitað skuli „leiða til að draga úr sóun í sveitarfélaginu og innleiða hringrásarhagkerfi þar sem tækifæri gefast, þ.e. að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun“.⁵¹ Fyrirkomulag á sorpmóttökusvæðum skuli vera til fyrirmyndar og flokkun úrgangs auðveld og aðgengileg. Þá skuli stefnt að því að endurvinna og endurnýta eins og kostur er á svæðinu. Í skipulagsgreinargerð er að finna ákvæði um að fýsileiki þess að nota seyru og sláturúrgang sem áburð verði skoðaður, og einnig að farið verði í „átak til að minnka matarsóun í sveitarfélaginu og skoðaðir möguleikar á moltu- og/eða bokashi jarðgerð“.⁵²

⁴⁵ Samband íslenskra sveitarfélaga (2025).

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ Samband íslenskra sveitarfélaga (2024).

⁴⁸ Mýrdalshreppur (2024c).

⁴⁹ Skaftárhreppur (á.á.).

⁵⁰ Sjá kafla 9.8.

⁵¹ Mýrdalshreppur (2023). (Bls. 110).

⁵² Sama heimild. (Bls. 82).

Í nýsamþykktu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 er sett fram framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið, þar sem m.a. kemur fram að sveitarfélagið ætli að „setja sér metnaðarfulla stefnu í umhverfismálum þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er í lágmark, binding kolefnis verði aukin og fullkomin flokkun á sorpi þar sem endurnýting endurvinnsla er lokamarkmið“.⁵³ Í skipulaginu kemur fram að meðhöndlun úrgangs eigi að vera til fyrirmyndar og að íbúum og fyrirtækjum verði gert kleift og þau hvött til að „lágmarka úrgang og flokka til endurvinnslu það sem til fellur“.⁵⁴ Þá verði komið á reglulegri hreinsun/losun rotþróa í öllu sveitarfélaginu og „seyran nýtt til áburðargjafar á uppgræðslu- og skógræktarsvæðum“.⁵⁵ Stefnumótun aðalskipulagsins stuðli að „endurvinnslu og endurnýtingu til langs tíma litið, en talsverður hagur er af því fyrir samfélagið að minnka umfang á úrgangi sem fluttur er á Skógarsand. Til lengri tíma ætti það að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og minna land fer undir urðun.“⁵⁶

9.11 Magntölur og endurvinnsluhlutföll

9.11.1 Heildarmagn

Eftirfarandi töflur hafa að geyma yfirlit yfir magn þess úrgangs sem féll til í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi 2024, skipt eftir úrgangsflokkum og afdrifum (urðun, önnur förgun, endurnýting (önnur en endurvinnsla) og endurvinnsla). Töflurnar er byggðar á upplýsingum frá Kubbi ehf. og Hringrás ehf., ýmist með eða án milligöngu sveitarfélaganna. Magn drykkjarumbúða var þó áætlað út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu.⁵⁷

Töflurnar sýna samanlagt magn í kílóum, svo og magn á hvern íbúa sveitarfélaganna, hvort sem úrgangurinn kom upphaflega frá heimilum, stofnunum, gámasvæðum eða fyrirtækjum, þó með þeim fyrirvara að aðeins eru til tölur um þann úrgang sem kom til kasta sveitarfélaganna eða verktaka á þeirra vegum. Þetta þýðir að tölur um magn úrgangs frá heimilum, stofnunum og gámasvæðum ættu að vera nokkurn veginn tæmandi. Hins vegar vantar upplýsingar um hluta þess úrgangs sem safnað var beint frá fyrirtækjum og sendur annað en til urðunar á Skógasandi. Magn úrgangs til endurvinnslu kann því að vera vantalið hvað fyrirtækin varðar. Þó var mögulegt að áætla magn pappírs og plasts til endurvinnslu út frá tölum Úrvinnslusjóðs um greiðslur vegna sérstakrar söfnunar.⁵⁸

⁵³ Skaftárhreppur (2025). (Bls. 18).

⁵⁴ Sama heimild. (Bls. 113).

⁵⁵ Sama heimild (Bls. 99).

⁵⁶ Sama heimild. (Bls. 100).

⁵⁷ Rafbréf frá Endurvinnslunni hf, 14. desember 2023.

⁵⁸ Úrvinnslusjóður (2025).

Tafla 2. Úrgangur sem féll til í Mýrdalshreppi 2024, (sjá skýringar í texta).

Sveitarfélag: Mýrdalshreppur		Tímabil: 2024	Íbúar 1. jan. 2025:				965
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
		Förgun		Endurnýting			Samtals
Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Brennsla	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	
Landbún.	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahræ)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	80.470
	02 01 06	Húsdýraskítur	0	0	0	0	0
Heimilísúrgangur - Umbúðarárgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	59.702
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	19.462
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	1.437	0	5.746
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjalddi)	0	0	0	0	3.860
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	6.637
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjalddi)	0	0	0	0	4.632
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjalddi)	0	0	0	0	15.440
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	9.920
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhloður og rafgeymar	0	0	0	0	3.353
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	0	0	0	0	0
	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	0	0	0	0	0
	17 02 01 b	Tímbur (annað eða óflokkað)	98.350	0	0	0	0
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 04	Steinull og önnur hættulítill einangrunarefni	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	151.700	0	0	0	0
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	0	0	0	0
Heimilísúrgangur og samþærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	0	34.845
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0
	20 01 26	Önnur fita	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	0
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	47.080
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	818	0	0	0
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	77.546	0	0	0	0
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	56.200	0	0	0	0
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	547.235	0	0	0	0
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	12.900	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
	Samtals (kg)		943.931	818	1.437	0	291.147
Samtals (kg/íbúa)		978	1	1	0	302	1.282

Tafla 3. Úrgangur sem féll til í Skaftárhreppi 2024, (sjá skýringar í texta).

Sveitarfélag: Skaftárhreppur		Tímabil: 2024		Íbúar 1. jan. 2025:		627		
		SAMTALS	Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
			Förgun		Endurnýting			
		Númer	Tegund úrgangs	Urðun	Brennsla	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla
								Samtals
Landbún.	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahær)	0	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	0	63.530	63.530
	02 01 06	Húsdýraskítur	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðarúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	0	0	0	0	24.040	24.040
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	0	25.561	25.561
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	2.340	0	9.362	11.702
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	2.508	2.508
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	117	117
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	3.010	3.010
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	0	0	0	0
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	10.032	10.032
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	0	18.040	18.040
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0	0
	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	0	0	0	0	4.975	4.975
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	0	0	0	0	0	0
	17 02 01 a	Timbur (hreint)	94.340	0	0	0	0	94.340
	17 02 01 b	Timbur (annað eða óflokkað)	0	0	0	0	0	0
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0	0
	17 06 04	Steinull og önnur hættulítill einangrunarefni	0	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0	0
17 09 04	Annar grófur úrgangur	106.100	0	0	0	0	106.100	
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	0	23.115	23.115
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0	0
	20 01 26	Önnur fita	0	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	0	12.535	12.535
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	0	0	0	0	104.740	104.740
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	2.579	0	0	0	2.579
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	0	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	38.851	0	0	0	0	38.851
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	83.400	0	0	0	0	83.400
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	103.140	0	0	0	0	103.140
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	0	0	0	0	0	0
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0	0
Samtals (kg)			425.831	2.579	2.340	0	301.564	732.315
Samtals (kg/íbúa)			679	4	4	0	481	1.168

Tafla 4. Samanlagt magn úrgangs sem féll til á starfssvæði Hulu bs. 2024, (Tafla 2 + Tafla 3).

Sveitarfélag: Hulu samtals		Tímabil: 2024	Íbúar 1. jan. 2024:				1.592
SAMTALS		Úrgangur sem fellur til (kg) og afdrif hans					
Númer	Tegund úrgangs	Förgun			Endurnýting		Samtals
		Urðun	Brennsla	Orkuvinnsla	Ýmislegt	Endurvinnsla	
Landbún.	02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum (dýrahær)	0	0	0	0	0
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	144.000	144.000
	02 01 06	Húsdýraskítur	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)	0	0	0	83.742	83.742
	15 01 01b	Pappírs- og pappamb. (sléttur pappi og fernur)	0	0	0	45.023	45.023
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	0	3.777	15.108	18.885
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilgjald)	0	0	0	6.368	6.368
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilgjalds)	0	0	0	6.754	6.754
	15 01 04b	Áldósir (með skilgjald)	0	0	0	7.642	7.642
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	0	0	0
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilgjalds)	0	0	0	0	0
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilgjald)	0	0	0	25.472	25.472
Ýmis- legt	16 01 03	Hjólbarðar	0	0	0	27.960	27.960
	16 01 04	Ökutæki	0	0	0	0	0
	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	0	0	0	8.328	8.328
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	0	0	0	0	0
	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	94.340	0	0	0	94.340
	17 02 01 b	Tímbur (annað eða óflokkað)	98.350	0	0	0	98.350
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0
	17 02 03	Plast	0	0	0	0	0
	17 05 03	Oliumengaður jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0	0	0	0
	17 06 04	Steinull og önnur hættulítill einangrunarefni	0	0	0	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0	0	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	257.800	0	0	0	257.800
Sjúkd.	18 00 99	Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum ofl.	0	0	0	0	0
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	0	0	0
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	0	0	0	57.960	57.960
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	0	0	0
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	0	0	0
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	0	12.535	12.535
	20 01 40	Málmur (aðrir en ökutæki)	0	0	0	151.820	151.820
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	0	3.397	0	0	3.397
	20 02 01	Garðúrgangur	0	0	0	0	0
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	116.397	0	0	0	116.397
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	139.600	0	0	0	139.600
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	650.375	0	0	0	650.375
	20 03 03	Úrgangur frá gatnahreinsun	12.900	0	0	0	12.900
	20 03 04	Eðja frá rotþróum (seyra)	0	0	0	0	0
	Samtals (kg)		1.369.762	3.397	3.777	0	592.712
Samtals (kg/íbúa)		860	2	2	0	372	1.237

Af töflunum hér að framan má ráða að samtals hafi fallið til tæp 2.000 tonn af úrgangi á starfssvæði Hulu bs. 2024, eða um 1,2 tonn á hvern íbúa. Þetta er svipað eða ívið meira magn en í flestum öðrum sveitarfélögum sem Environice hefur aðstoðað við gerð svæðisáætlunar. Samkvæmt töflunni fóru um 1.370 tonn þar af til urðunar. Sú tala stemmir ekki fyllilega við samanlagða urðun á Skógasandi skv. kafla 8 (1.504 tonn), en fyrir því eru einkum tvær skýringar: Annars vegar felur heildartalan skv. kafla 8 í sér um

222 tonn frá fyrirtækjum í Rangárþingi eystra og hins vegar er ekki gerður greinarmunur á Skógasandi og Stjórnarsandi í töflunum hér að framan. Hluti þess úrgangs sem féll til í Skaftárhreppi var urðaður á Stjórnarsandi. Þessi munur á urðunartölunum hefur ekki áhrif á meginniðurstöður svæðisáætlunarinnar.

9.11.2 Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs

Fyrirliggjandi úrgangstölfræði gefur ekki góða möguleika á að reikna „rétt“ endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs, þar sem í sumum tilvikum er erfitt að greina á milli heimilisúrgangs og rekstrarúrgangs í úrgangstölfræðinni. Í sumum tilvikum liggja heldur ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um raunveruleg afdrif úrgangsins. Engu að síður er í töflunum hér að neðan gerð tilraun til að áætla magn og endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs sem féll til í sveitarfélögunum tveimur miðað við fyrirliggjandi tölur fyrir árið 2024 og þá ráðstöfun úrgangsflokka sem var við lýði í árslok.

Tafla 5. Magn, reiknað endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs í Mýrdalshreppi 2024.

Sveitarfélag: Mýrdalshreppur		2024	Íbúar:	965	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	59.702	59.702	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	19.462	19.462	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	7.183	5.746	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	3.860	3.860	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	6.637	6.637	100%
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	4.632	4.632	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	15.440	15.440	100%
misl.	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	3.353	3.353	100%
Bygg	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	0	0	
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	30.340	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	34.845	34.845	100%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	0	0	
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	706	706	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	818	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	77.546	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	56.200	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	547.235	0	0%
Samtals (kg)			867.959	154.384	18%
Samtals (kg/íbúa)			899	160	
Þar af til urðunar			711.321		82%
Samtals (kg/íbúa)			737		

Tafla 6. Magn, reiknað endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs í Skaftárhreppi 2024.

Sveitarfélag: Skaftárhreppur		2024	Íbúar:	627	
		Heimilisúrgangur	Heimilisúrgangur		
			Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu	
				Kg	%
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	24.040	24.040	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	25.561	25.561	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	11.702	9.362	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	2.508	2.508	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	117	117	100%
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	3.010	3.010	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	10.032	10.032	100%
misl.	16 06 99	Rafhlöður og rafgeymar	4.975	4.975	100%
Bygg	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	94.340	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	21.220	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	23.115	23.115	100%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	12.535	12.535	100%
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	1.571	1.571	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	2.579	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	38.851	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	83.400	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	103.140	0	0%
Samtals (kg)			462.696	116.825	25%
Samtals (kg/íbúa)			738	186	
Þar af til urðunar			246.611		53%
Samtals (kg/íbúa)			393		

Tafla 7. Magn, reiknað endurvinnsluhlutfall og urðunarhlutfall heimilisúrgangs á starfssvæði Hulu bs. 2024, (Tafla 5 + Tafla 6).

Sveitarfélag: Hula samtals		2024	Íbúar:	1.592	
		Heimilisúrgangur			
		Samtals (kg)	Þar af til endurvinnslu		
			Kg	%	
	Númer	Tegund úrgangs			
Heimilisúrgangur - Umbúðargangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	83.742	83.742	100%
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	45.023	45.023	100%
	15 01 02a	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	18.885	15.108	80%
	15 01 02b	Plastflöskur (með skilagjaldi)	6.368	6.368	100%
	15 01 04a	Málmumbúðir (án skilagjalds)	6.754	6.754	100%
	15 01 04b	Áldósir (með skilagjaldi)	7.642	7.642	100%
	15 01 06	Blandaðar umbúðir (úr „grænum tunnum“)	0	0	
	15 01 07a	Glerumbúðir (án skilagjalds)	0	0	
	15 01 07b	Glerflöskur (með skilagjaldi)	25.472	25.472	100%
Ýmisl.	16 06 99	Raflöður og rafgeymar	8.328	8.328	100%
Bygg	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	94.340	0	0%
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	51.560	0	0%
Heimilisúrgangur og sambærilegt	20 01 01	Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)	0	0	
	20 01 08	Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	57.960	57.960	100%
	20 01 10/11	Fatnaður, skófatnaður og textíl	0	0	
	20 01 25	Matarolía og feiti	0	0	
	20 01 36	Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki	12.535	12.535	100%
	20 01 40	Málmar (aðrir en ökutæki)	2.277	2.277	100%
	20 01 50	Spilliefni (samtala)	3.397	0	0%
	20 02 01	Garðaúrgangur	0	0	
	20 03 01 a	Blandaður úrgangur (sorphirða)	116.397	0	0%
	20 03 01 b	Blandaður úrgangur (gámar)	139.600	0	0%
	20 03 01 c	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	650.375	0	0%
	Samtals (kg)			1.330.655	271.209
Samtals (kg/íbúa)			836	170	
Þar af til urðunar			957.932		72%
Samtals (kg/íbúa)			602		

Af töflunum hér að framan má ráða að á tímabilinu sem um ræðir hafi endurvinnsluhlutfallið í Mýrdalshreppi verið um 18% en um 25% í Skaftárhreppi (20% að meðaltali). Eins og fram kemur í kafla 6.1 átti endurvinnsluhlutfallið að vera komið í 50% árið 2020 og í 55% árið 2025. Enn virðist því vanta mikið upp á hvað þetta varðar. Eitthvert magn af heimilisúrgangi frá fyrirtækjum kann að vanta inn í tölurnar (sjá framar), einkum þó heimilisúrgangi til endurvinnslu. Leiðrétting á þessu væri til þess fallin að hækka endurvinnsluhlutfallið, en líklega er hér þó ekki um stórar tölur að ræða.

Vert er að skoða magn og afdrif lífúrgangs sérstaklega, þar sem þeir þættir geta haft tiltölulega mikil áhrif á endurvinnsluhlutfallið. Samkvæmt fyrirbyggjandi tölum söfnuðust 36-37 kg af lífúrgangi á hvern íbúa í sveitarfélögunum árið 2024. Að fenginni reynslu er ekki fráleitt að áætla að vel heppnuð sérsöfnun lífúrgangs frá heimilum og fyrirtækjum geti skilað allt að 100 kg á íbúa á ári. Væri sérsöfnun á svæðinu komin í það horf myndi það eitt og sér nægja til að hækka endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs úr 20% í 27% miðað við fyrirbyggjandi tölur, enda uppfylli úrvinnsla lífúrgangsins það meginskilyrði að moltan sem framleidd er úr efninu nýtist sem jarðvegsbætur.⁵⁹ Í reynd þýðir þetta að moltan þarf að vera viðurkennd af Matvælastofnun sem áburður og standast þannig ákvæði reglugerðar um lok úrgangsfasa, nr. 564/2014. Sé þetta ákvæði ekki uppfyllt verður að líta á afdrif lífúrgangsins sem förgun, sem aftur myndi þýða að endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs myndi lækka úr 20% í 16% miðað við fyrirbyggjandi tölur.

Önnur leið til að hækka endurvinnsluhlutfallið á starfssvæði Hulu bs. væri að taka upp markvissa söfnun garðaúrgangs og koma honum síðan í viðurkennda jarðgerð eða aðra vinnslu sem teldist endurvinnsla í skilningi laga. Enginn garðaúrgangur kemur fram í úrgangstölfræði sveitarfélaganna sem í hlut eiga, enda losa íbúar sig við hann sjálfir með einum eða öðrum hætti, eða þá að efnið er notað beint til uppgræðslu eins og tíðkast hefur í Víkurfjörðu (sjá kafla 9.4). Lífbrjótanlegur garðaúrgangur telst vera lífúrgangur og þar með heimilisúrgangur. Garðaúrgangur sem tekið væri á móti til endurvinnslu myndi því hækka endurvinnsluhlutfallið.

Stærstu tækifærin til að hækka endurvinnsluhlutföllin og færast þar með nær lögbundnu markmiði liggja væntanlega í betri flokkun úrgangs og betri skilum til endurvinnslu. Í þeim efnum skiptir heimilisúrgangur frá fyrirtækjum afar miklu máli, en þar hafa sveitarfélögin í senn takmarkaða yfirsýn og takmörkuð ítök. Eftir sem áður er það á þeirra ábyrgð að ná lögbundnum endurvinnsluhlutföllum.

Af töflunum hér að framan má ráða að á árinu 2024 hafi um 72% af öllum heimilisúrgangi sem til féll á starfssvæði Hulu bs. farið til urðunar (um 82% í Mýrdalshreppi og um 53% í Skaftárhreppi). Þetta hlutfall þarf að vera komið niður í 10% árið 2035.⁶⁰ Þarna eiga sveitarfélögin því afar langt í land.

9.11.3 Endurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifssúrgangs

Eins og fram kemur í kafla 6.2 áttu a.m.k. 70% af byggingar- og niðurrifssúrgangi að fara til efnisendurnýtingar árið 2020. Sveitarstjórnir bera þó ekki ábyrgð á að þessu markmiði verði náð, heldur einungis að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Þetta felur í sér að þar sé aðstaða til að flokka byggingar- og niðurrifssúrgang í spilliefni, timbur, steinefni, málm, gler, plast og gifs. Á sveitarstjórnnum hvílir einnig sú skylda að ákveða fyrirkomulag söfnunar og þær geta sett sérstök ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs um skyldu lögaðila til að flokka úrganginn sem um ræðir. Ákvæði um þá skyldu er reyndar þegar að finna í

⁵⁹ Hefur í för með sér “benefits to agriculture or ecological improvement”, sbr. lið 4 í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs.

⁶⁰ Sjá kafla 6.1.

byggingarreglugerð, þar sem fram kemur að úrgangurinn skuli flokkaður með þeim hætti að hann sé hæfur til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkennda móttökustöð.⁶¹

Fyrirliggjandi tölur eru ekki nægjanlega sundurliðaðar til að hægt sé að aðgreina magn byggingar- og niðurrifsúrgangs frá öðrum magntölum með óyggjandi hætti. Í töflunni hér að neðan er þó gerð tilraun til að leggja mat á stöðu Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps gagnvart þessu markmiði, enda þótt sveitarstjórnir beri sem fyrr segir ekki ábyrgð á að það náist. Í stuttu máli benda fyrirliggjandi tölur ekki til að neitt af þeim byggingar- og niðurrifsúrgangi sem til fellur á starfssvæði Hulu bs. fari til efnisendurnýtingar.

Tafla 8. Áætlað magn og endurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs á starfssvæði Hulu bs. 2024.

Sveitarfélag: Hula samtals		2024	Íbúar:	1.592
Byggingarúrgangur		Samtals (kg)	Þar af til endurnýtingar	
			Kg.	%
Númer	Tegund úrgangs			
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 99	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	0	0
	17 02 01 b	Tímur (annað eða óflokkað)	98.350	0 0%
	17 02 02	Gler	0	0
	17 02 03	Plast	0	0
	17 05 03	Olíumengaður jarðvegur	0	0
	17 05 04	Hreinn jarðvegur	0	0
	17 06 04	Steinull og önnur hættulítill einangrunarefni	0	0
	17 06 05	Asbest (efni sem inniheldur asbest)	0	0
	17 09 04	Annar grófur úrgangur	206.240	0 0%
	Samtals (kg)		304.590	0
Samtals (kg/íbúa)		191	0	0%

9.12 Framtíðarhorfur í úrgangsstraumum og flutningum

Í svæðisáætlun ber, eftir því sem við á, að leggja mat á það magn úrgangs sem líklegt er að verði flutt frá svæðinu eða til þess í náninni framtíð, auk mats á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni.

Tafla 9 hefur að geyma yfirlit yfir það magn úrgangs sem flutt var frá starfssvæði Hulu bs. á árinu 2024.⁶² Samkvæmt töflunni voru samtals tæplega 598 tonn af úrgangi flutt frá svæðinu á árinu, einkum til endurvinnslu. Ekki er vitað til að neinn úrgangur hafi verið fluttur inn á starfssvæði Hulu. Reyndar komu um 222 tonn til urðunar á Skógasandi frá fyrirtækjum í Rangárþingi eystra, en í reynd á sá úrgangur uppruna sinn á Hulusvæðinu (sjá framar).

⁶¹ Stefán Gíslason (2022).

⁶² Sjá einnig töflur í kafla 9.11.1.

Tafla 9. Flutningar úrgangs frá starfssvæði Hulu bs 2024.

Áfangastaður	Kg. samtals
Til brennslu í Kólku án orkunýtingar	3.397
Plast o.fl. til orkuvinnslu erlendis	3.777
Til jarðgerðar á Strönd	57.960
Til annarrar endurvinnslu	532.495
Samtals	597.629

Eðli málsins samkvæmt standa vonir til að aðgerðir í aðgerðaáætlun svæðisáætlunarinnar leiði til þess að minni úrgangur falli til á næstu árum en undanfarin ár og að endurvinnsla verði stærri þáttur í meðhöndlun þess úrgangs sem til fellur. Út frá fyrirbyggjandi upplýsingum er erfitt að gera magnbundna áætlun um þessa þróun, en Tafla 10 gefur yfirlit yfir þau atriði sem vænta má að vegi þyngst í þeim efnunum, svo og líkleg áhrif þessara atriða hvers um sig á þörfina fyrir flutning úrgangs innan svæðisins, til annarra svæða og inn á svæðið.

Tafla 10. Líkleg framtíðarþróun í magni úrgangs og flutningaþörf.

Líkleg framtíðarþróun	Líkleg áhrif á flutningaþörf		
	Innan svæðisins	Frá svæðinu	Til svæðisins
1. Nokkur fjölgun íbúa (um 0,5% á ári).	Nokkur aukning	Nokkur aukning	Engin áhrif
2. Hægt minnkandi úrgangsmagn pr. íbúa vegna breyttrar neytendahegðunar, endurbættra umbúða o.fl.	Nokkur samdráttur	Nokkur samdráttur	Engin áhrif
3. Nokkur aukning í endurvinnslu lífræns úrgangs í kjölfar bættrar söfnunar lífúrgangs og væntanlegs banns við urðun lífræns úrgangs.	Nokkur samdráttur	Nokkur aukning (Ekki gert ráð fyrir endurvinnslu innan svæðis)	Engin áhrif
4. Nokkur aukning í endurvinnslu pappírs og plasts í kjölfar bættrar flokkunar.	Nokkur samdráttur	Nokkur aukning (Ekki gert ráð fyrir endurvinnslu innan svæðis)	Engin áhrif
5. Algjör umskipti í endurvinnslu á gleri, með fyrirvara um samræmdar aðgerðir stjórnvalda til að gera slíkt mögulegt.	Samdráttur (Minna gler til urðunar)	Aukning (Gler í auknum mæli sent til meðhöndlunar utan svæðis)	Engin áhrif
6. Bætt nýting efna úr byggingar- og niðurrifsúrgangi í kjölfar bættrar flokkunar á byggingarstað og á móttökustöðvum.	Samdráttur (Minna sent til urðunar)	Aukning (Bætt flokkun hefur í för með sér að meira fellur til af málmum, plasti o.fl. sem sent verður til endurvinnslu utan svæðis)	Engin áhrif

7. Bætt nýting seyru frá því að vera fargað yfir í endurvinnslu.	Lítill breyting	Engin áhrif	Engin áhrif
8. Minnkandi urðun í kjölfar framanskráðra breytinga, hugsanlegrar álagningar urðunarskatts og breyttrar stefnu og gjaldskráa rekstraraðila.	Samdráttur (Minna sent til urðunar)	Aukning (Meira sent til endurvinnslu eða orkuvinnslu utan svæðis)	Engin áhrif

Af töflunni hér að framan má ráða að búast megi við nokkuð aukinni þörf fyrir flutninga á næstu árum, þar sem minna magn verður afsett eða unnið á starfssvæðinu en meira sent til vinnslu utan svæðis. Verði ákveðið að koma blönduðum úrgangi til orkuvinnslu í stað þess að urða hann á svæðinu mun flutningsþörfin hins vegar aukast langtum meira. Neikvæð áhrif þeirra flutninga á umhverfið verða þó væntanlega aðeins brot af þeim umhverfislega ávinningi sem fæst með orkuvinnslunni. Hins vegar mun kostnaður aukast ef ekki verður gripið til flutningsjöfnunar eða annarra mótvægisáðgerða.

10 Viðauki 1: Umhverfismatskýrsla

10.1 Samantekt umhverfismats

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hulu bs. fellur undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Umhverfismatið var unnið samhliða áætlunargerðinni, þó að stærstur hluti matsvinnunnar hafi farið fram þegar stefna áætlunarinnar hafði verið mótuð í öllum aðalatriðum. Haft var samráð við Skipulagsstofnun í desember 2024 varðandi umfang og nákvæmni matsins.

Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs hafa þá sérstöðu að þeim er beinlínis ætlað að byggja á og fylgja eftir markmiðum stjórnvalda á landsvísu í úrgangsmálum. Í umhverfismati svæðisáætlunar er því hvorki þörf á að bera markmið áætlunarinnar saman við markmið laga og reglugerða um úrgangsmál, né við markmið í stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir. Auk heldur hefur Umhverfisstofnun eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og leggur jafnframt faglegt mat á efni þeirra og hvort þær samræmist lögum og reglum þar um.

Frá umhverfislegu sjónarmiði felur meðhöndlun úrgangs í sér tiltekna áhættuþætti sem tilgreindir eru í þessu umhverfismati. Til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats er þó ekki fjallað sérstaklega um hvern þátt um sig í umhverfismatinu, enda óhjákvæmilegt að um þá verði fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiða af áætluninni, svo vegna urðunarstaðar og móttökustöðvar.

Samanburður svæðisáætlunarinnar við helstu áætlanir sem í gildi eru og skipta máli varðandi stefnumótun í úrgangsmálum í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi bendir til að markmið áætlunarinnar séu öll í góðu samræmi við þær áætlanir sem teknar voru til skoðunar í umhverfismatinu. Um var að ræða eftirtaldar áætlanir og stefnuskjöl:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026
- Aðalskipulag Mýrdalshrepps
- Aðalskipulag Skaftárhrepps
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029
- Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036)
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Í umhverfismatinu var ekki gerður sérstakur samanburður við núllkost, annars vegar vegna þess að sveitarfélögunum ber lagaleg skylda til að vinna svæðisáætlun, sem þýðir að áætlunarleysi er ekki raunhæfur valkostur, og hins vegar vegna þess að áætlunin er byggð á lögum og reglugerðum sem ekki verður hægt að framfylgja með óbreyttu ástandi, sem þýðir að óbreytt ástand er heldur ekki raunhæfur valkostur.

Í svæðisáætluninni er að finna áform um uppbyggingu móttökustöðvar í Vík – og eins gætu einstakar aðgerðir leitt til þess að teknar verði ákvarðanir síðar um frekari uppbyggingu innviða, svo sem sorporkuvers eða aðstöðu til meðhöndlunar seyru. Slíkar ákvarðanir verða þó ekki teknar nema að undangengnum nánari greiningum.

10.2 Matsskylda

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs markar stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Svæðisáætlun er unnin samkvæmt lögum og er afgreidd af sveitarstjórn. Af þessum atriðum leiðir að áætlun af þessu tagi fellur undir ákvæði laga nr. 111/2021.

10.3 Aðferðir

Umhverfismat svæðisáætlunarinnar sem hér um ræðir var unnið samhliða áætlunargerðinni. Stærstur hluti matsvinnunnar fór þó fram þegar stefna áætlunarinnar hafði verið mótuð í öllum aðalatriðum, enda þá fyrst hægt að bera markmið og stefnu saman við aðrar áætlanir eða önnur viðmið. Haft var samráð við Skipulagsstofnun í desember 2024 varðandi umfang og nákvæmni matsins, sbr. 5. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021.

Umhverfismatið var unnið af Stefáni Gíslasyni hjá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice).

Umhverfismatsskýrsla svæðisáætlunarinnar er hluti af sjálfri áætluninni og var kynnt með þeim hætti sem kveðið er á um í 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, og í samræmi við 15. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Þetta fól í sér að tillaga að svæðisáætlun ásamt umhverfismatsskýrslu var auglýst í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hefðu tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Að kynningu lokinni var gengið frá svæðisáætluninni í heild sinni og hún síðan lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til staðfestingar. Staðfest áætlun verður gerð aðgengileg almenningi eins og kveðið er á um í lögum nr. 55/2003 og lögum nr. 111/2021.

10.4 Sérstaða svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs

Svæðisáætlanir hafa þá sérstöðu að þeim er beinlínis ætlað að byggja á og fylgja eftir markmiðum stjórnvalda á landsvísu í úrgangsmálum. Þetta er tiltekið sérstaklega í 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, þar sem segir að svæðisáætlun skuli „*fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Þá skal áætlunin taka mið af lögum og „*reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu*“. Í 6. gr. laganna er einnig tiltekið að í áætluninni skuli koma fram „*hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir*“. Af framangreindu leiðir að í umhverfismati svæðisáætlunar ætti hvorki að vera þörf á að bera markmið áætlunarinnar saman við markmið laga og reglugerða um úrgangsmál, né við markmið í stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í þessu sambandi má nefna að skv. gr. 6a í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, hefur Umhverfisstofnun „*eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir skv. 6. gr. og leggur jafnframt faglegt mat á efni þeirra og hvort þær samræmist lögum og reglum þar um*“.

Þrátt fyrir að svæðisáætlanir marki stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr.

111/2021, eru svæðisáætlanir ekki forsenda leyfisveitinga. Með öðrum orðum er hægt að gefa út leyfi, t.d. byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi, án þess að svæðisáætlun liggi fyrir. Eins er heimilt að gefa út leyfi til framkvæmda sem svæðisáætlun gerir ekki ráð fyrir að ráðist verði í, eða jafnvel til framkvæmda sem svæðisáætlun gerir beinlínis ráð fyrir að ekki verði ráðist í. Þegar um er að ræða leyfi til framkvæmda vegna meðhöndlunar úrgangs, svo sem vegna urðunarstaða, brennslustöðva og móttökustöðva, eru leyfisveitingar fyrst og fremst háðar því að framkvæmdin samrýmist gildandi skipulagsáætlunum og að fyrir liggi skýrsla um umhverfismat framkvæmdarinnar, þ.e. ef framkvæmdin telst matsskyld m.t.t. 1. viðauka við lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda, nr. 111/2021. Í umhverfismatsskýrslu viðkomandi framkvæmdar er væntanlega fjallað sérstaklega um það hvort framkvæmdin sé í samræmi við svæðisáætlun.

10.5 Áhættuþættir úrgangsmeðhöndlunar

Frá umhverfislegu sjónarmiði felur meðhöndlun úrgangs í sér eftirtalda áhættuþætti öðrum fremur:

1. Áhrif á vatn og jarðveg
2. Fok úrgangs
3. Áhrif á fugla
4. Fjölgun meindýra
5. Áhrif á loftgæði
6. Gróðurhúsaáhrif
7. Hávaði og umferð
8. Áhrif á landslag og sjónræna þætti
9. Áhrif á samfélag og atvinnulíf

Til að koma í veg fyrir endurtekningar sama mats er ekki fjallað sérstaklega um hvern ofangreindra þátta í umhverfismati svæðisáætlunarinnar, enda óhjákvæmilegt að um þá verði fjallað í umhverfismati framkvæmda sem leiða af áætluninni, svo sem vegna urðunarstaðar og móttökustöðvar.

10.6 Meginatriði umhverfismatsins

Í umhverfismati svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs er alla jafna ekki þörf á að fjalla sérstaklega um tengsl áætlunarinnar við aðra áætlanagerð á sviði úrgangsmála, sbr. skýringar hér að framan. Hins vegar er mikilvægt að umhverfismatið fjalli um tengsl við aðrar áætlanir og hvernig markmið svæðisáætlunarinnar falla að markmiðum þeirra. Í þessu tilviki er einkum um að ræða eftirtaldar áætlanir og stefnuskjöl:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026
- Aðalskipulag Mýrdalshrepps
- Aðalskipulag Skaftárhrepps
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029
- Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036)
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Samanburður við þær áætlanir og stefnur sem taldar eru upp hér að framan mynda kjarnann í umhverfismati svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hulu bs. Í umhverfismatinu er einnig fjallað um raunhæfa valkosti við áætlunina, að því marki sem eðli svæðisáætlunarinnar gefur tilefni til. Ekki er þó gerður sérstakur samanburður við núllkost, annars vegar vegna þess að sveitarfélögum ber lagaleg skylda til að vinna svæðisáætlun, sem þýðir að áætlunarleysi er ekki raunhæfur valkostur, og hins vegar vegna þess að áætlunin er byggð á lögum og reglugerðum sem ekki verður hægt að framfylgja með óbreyttu ástandi, sem þýðir að óbreytt ástand er heldur ekki raunhæfur valkostur. Í umhverfismatinu er einnig lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á.

10.7 Tengsl við aðrar áætlanir

Eftirfarandi tafla sýnir tengsl svæðisáætlunar við aðrar gildandi áætlanir sem skipta máli varðandi stefnumótun í úrgangsmálum á starfssvæði Hulu bs. og hvernig markmið svæðisáætlunarinnar falla að markmiðum þeirra.

Tafla 11. Tengsl svæðisáætlunar við aðrar gildandi áætlanir.

Stefna/Samþykkt	Snertifletir	Samræmi
Landsskipulagsstefna 2015-2026 ⁶³	<p>Áhersla B.10: Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis</p> <p>1. Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</p> <p>2. Skipulag dreifbýlis geri ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli. Tekið verði mið af svæðisáætlun sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.</p> <p>5. Í skipulagi verði tekið tillit til svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og viðeigandi uppbyggingu innviða, þ.m.t. flokkunarstöðva í nærumhverfi.</p> <p>6. Skipulag verði samþætt stefnu sveitarfélags í svæðisáætlun um lágmörkun úrgangs, úrgangsforvarnir og aukna endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið.</p>	<p>Svæðisáætlun stuðlar að því að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir varðandi úrgangsmeðhöndlun og að umhverfisvænar lausnir verði nýttar varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, auk þess sem hún stuðlar að bættri nýtingu auðlinda með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið. Svæðisáætlun er einnig þannig upp byggð að hún nýst við gerð skipulagsáætla.</p>
Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 ⁶⁴	<p>5.6 Athafna- og iðnaðarsvæði</p> <p>Fyrirkomulag á sorpmóttökusvæðum verði til fyrirmyndar og flokkun úrgangs auðveld og aðgengileg.</p>	<p>Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.</p>
	<p>7.3 Náttúruvá</p> <p>Leitað skal leiða til að draga úr soun í sveitarfélaginu og innleiða hringrásarhagkerfi þar sem tækifæri gefast, þ.e. að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun.</p>	<p>Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.</p>
Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043 ⁶⁵	<p>5.3 Athafna- og iðnaðarsvæði</p> <p>Fyrirkomulag á sorpmóttökusvæðum og úrvinnsla sorps verði til fyrirmyndar.</p>	<p>Svæðisáætlun miðar beinlínis að þessu.</p>
	<p>6.2.3 Sorp – í átt að hringrásarhagkerfinu</p> <p>Skaftárhreppur stefnir í átt að hringrásarhagkerfi í sorpmálum á allra næstu árum. Í sorpinu felast mörg tækifæri og verður vinnsla og flokkun færð heim í hérað og sem minnstur úrgangur fluttur burt. Þannig má virðisauka ferlið og búa til störf í héraði.</p>	<p>Svæðisáætlun er beinlínis ætlað að stuðla að hringrásarhagkerfi. Aukin vinnsla og flokkun í héraði er liður í því, að svo miklu leyti sem slíkt verður talið hagkvæmt við nánari skoðun.</p>

⁶³ Alþingi (2024).

⁶⁴ Mýrdalshreppur (2023).

⁶⁵ Skaftárhreppur (2025).

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum ⁶⁶	Aðgerðaáætlunin er áætlun stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem fram koma aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.	Í svæðisáætlun er megináhersla lögð á bættu nýtingu auðlinda. Sú áhersla er almennt til þess fallin að draga úr þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem stafar af meðhöndlun úrgangs.
	S.7.B4 Innleiða bann við urðun lífræns úrgangs Í aðgerðinni felst að banna urðun lífræns úrgangs frá og með árinu 2028. Með lífrænum úrgangi er átt við allan úrgang sem brotnað getur niður fyrir tilstilli örvera, t.d. sláturúrgang, fiskúrgang, ölgerðarhrat, húsdýraúrgang, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgang, pappírs- og pappaúrgang, seyru og lífúrgang.	Ekki er fjallað beinlínis um þetta atriði í svæðisáætlun.
	S.7.B6 Samvinnuverkefni um uppbyggingu brennslustöðva Í aðgerðinni felst að byggðir verði upp nauðsynlegir innviðir hérlendis svo að mögulegt verði að brenna 100-140 þús. tonnum af úrgangi árlega með tilheyrandi orkunýtingu og kolefnisföngun.	Ekki er fjallað um þetta atriði í svæðisáætlun.
	S.7.C1 Samvinnuverkefni um grænar lausnir í fráveitumálum Markmið aðgerðarinnar er að lágmarka magn lífrænna hliðarafurða sem enda í fráveitu og viðtaka.	Eins og fram kemur í kafla 9.5 er stefnt að uppbyggingu lífrænnar hreinsistöðvar í Vík og bættri nýtingu seyru í framhaldi af því.
Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 ⁶⁷	Meginmarkmið Að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.	Svæðisáætlun styður við þetta markmið, m.a. með áherslu á að koma í veg fyrir óleyfilega úrgangslosun við ófullnægjandi aðstæður, en slík losun getur einnig haft neikvæð áhrif á loftgæði.
Byggðastefna (Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036) ⁶⁸	B.3. Efling nýsköpunar í byggðum landsins C.8. Sjálfbær samfélög – efling hringrásarhagkerfis Markmið: Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda við meðhöndlun úrgangs, unnið að kolefnishlutleysi Íslands og dregið úr myndun úrgangs. Enn fremur að endurvinnsla og önnur endurnýting verði aukin, dregið úr urðun og urðun lífbrjótanlegs úrgangs hætt.	Ekki er fjallað um þetta atriði í svæðisáætlun.
	Stuðlað að meiri samræmingu á landsvísi [í úrgangsmálum]. Horft verði til þess að sveitarfélög nýti svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem stjórnæki og að þau samþætti viðeigandi stefnumörkun og áætlanir til að efla hringrásarhagkerfið, bæti auðlindanýtingu og dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Í svæðisáætlun er megináhersla lögð á bættu nýtingu auðlinda. Sú áhersla er almennt til þess fallin að draga úr þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem stafar af meðhöndlun úrgangs. Þá eru úrgangsforvarnir, sérsöfnun og aukin endurvinnsla úrgangs frá heimilum, stofnunum og fyrirtækjum grundvallaratriði í áætluninni.
		Við gerð svæðisáætlunarinnar var tekið mið af stefnumótun og áformum nágrannasveitarfélaga í úrgangsmálum, að svo miklu leyti sem aðstæður gáfu tilefni til. Svæðisáætlunin miðar að því að efla hringrásarhagkerfið, bæta auðlindanýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

⁶⁶ Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (2024).

⁶⁷ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2017).

⁶⁸ Alþingi (2022).

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun ⁶⁹	<p>11. Sjálfbærar borgir og samfélög</p> <p>11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.</p>	Svæðisáætlun stuðlar að því að þetta markmið náist.
--	--	---

10.8 Samanburður valkosta

Eina innviðaupbyggingin sem beinlínis er gert ráð fyrir í svæðisáætluninni er uppbygging móttökustöðvar í Vík. Sú aðgerð er til þess fallin að auðvelda móttöku, böggun og frágang úrgangs fyrir flutning og úrvinnslu utan svæðis. Frágangur verður með þeim hætti að fólk komist ekki inn á svæðið án eftirlits, tryggt að aðstaða til vigtunar og gjaldtöku verði fullnægjandi og séð til þess að settir verði upp gámar fyrir alla helstu úrgangsflokka, þ.m.t. þá sjö flokka byggingar- og niðurrifsúrgangs sem tilgreindir eru í 10. gr. laga nr. 55/2003. Allt styður þetta við markmið hringrásarhagkerfisins. Sérstaklega er bætt aðstaða til gjaldtöku og flokkunar til þess fallin að draga úr urðun og auka endurvinnslu. Aðgerðin er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

Auk móttökustöðvarinnar er gert ráð fyrir uppsetningu a.m.k. einnar grenndarstöðvar í Vík til söfnunar á m.a. gler- og málumbúðum. Þessi aðgerð er til þess fallin að bæta nýtingu þeirra auðlinda sem liggja í þessum úrgangsflokkum.

Lauslegt mat bendir til að uppbyggingaráformin sem kynnt eru í svæðisáætluninni séu til þess fallin að bæta auðlindanýtingu, draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Öll miða þessi áform að því að færa meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi nær hugmyndafræði hringrásarhagkerfis. Þar sem áætlunin felur ekki í sér frekari ákvarðanir um uppbyggingu innviða en hér hefur verið rakið, er ekki tilefni til að leggja nákvæmt mat á einstaka valkosti í þeim efnum.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt gætu einstakar aðgerðir í svæðisáætluninni leitt til þess að teknar verði ákvarðanir síðar um frekari uppbyggingu innviða, svo sem sorporkuvers eða aðstöðu til meðhöndlunar seyru. Slíkar ákvarðanir verða þó ekki teknar nema að undangengnum nánari greiningum valkosta en hægt er að gera í umhverfismati svæðisáætlunar.

Með uppbyggingu sorporkuvers væri unnt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangsmeðhöndlunar, þar sem brennsla hefur alla jafna mun lægra kolefnisspor en urðun. Jafnframt væri stuðlað að auknu framboði orku og auknu orkuöryggi á svæðinu. Hluti þessara jákvæðu áhrifa mun einnig koma fram ef ákveðið verður að flytja blandaðan úrgang af svæðinu til orkuvinnsla annars staðar, innanlands eða utan, eins og hefur reyndar verið gert síðustu vikur ársins 2025.

Með uppbyggingu aðstöðu til meðhöndlunar seyru væri stuðlað að því að seyran nýtist til landgræðslu eða á annan hátt í stað þess að henni sé fargað í gryfjum eða með öðrum hætti. Ljóst er að bætt nýting seyru er mikilvægur liður í bættri nýtingu fosfórs og annarra

⁶⁹ Stjórnarráð Íslands (á.á.).

auðlinda sem falla til á svæðinu og því mjög í anda hringrásarhagkerfisins og í samræmi við markmið laga og stefnumótunar á landsvísu um meðhöndlun úrgangs.

Áform um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi eru ekki í anda hringrásarhagkerfisins, en tilgangur þeirra aðgerðar er fyrst og fremst að tryggja að til sé varaleið fyrir förgun úrgangs. Aðgerðin sem slík stuðlar ekki að aukinni urðun.

10.9 Vöktun

Gert er ráð fyrir að stjórn Hulu bs. hafi yfirumsjón með framkvæmd svæðisáætlunarinnar, en að dagleg framkvæmd og eftirlit verði í höndum framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Vöktunin einskorðast við eftirfylgni aðgerða á aðgerðaáætlun (sbr. kafla 3.1) og verður framkvæmd með aðferðum gæðastýringar. Þetta felur í sér að fylgst verður með að aðgerðum verði hrint í framkvæmd á tilsettum tíma og að þau skili tilsettum árangri eða afurð. Frávik frá upphaflegri áætlun verða skráð og gerð sérstök úrbótaáætlun sem gripið verður til ef frávik verða. Þetta felur m.a. í sér að ef verki lýkur ekki á tilsettum tíma eða ber ekki tilætlaðan árangur, verði nýr eindagi ákveðinn, eða tekin ákvörðun um breytingar á verkinu eða niðurfellingu.

10.10 Kynning og samráð

Í samræmi við 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, var tillaga að svæðisáætluninni ásamt umhverfismatsskýrslu send til Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þá var tillagan auglýst og gerð aðgengileg á netinu. Almennungi og umsagnaraðilum var gefinn sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum. Fresturinn rann út mánudaginn 2. mars 2026 án þess að athugasemdir bærust.

10.11 Athugasemdir og viðbrögð

Engar athugasemdir bárust, sbr. kafla 10.10.

10.12 Samþykkt áætlunar

Svæðisáætlunin verður nú lögð fyrir sveitarstjórnir Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps til samþykktar – og öðlast gildi þegar báðar sveitarstjórnir hafa samþykkt hana. Að því loknu verða samráðsaðilar upplýstir um samþykkt áætlunarinnar og endanleg áætlun verður gerð aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna.

11 Viðauki 2: Skýringar við einstaka úrgangsflokka og ráðstöfun þeirra

Hér fara á eftir skýringar og fyrirvarar sem varða magn og ráðstöfun úrgangs í einstökum úrgangsflokkum sem tilgreindir eru í töflum svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi.⁷⁰

02 01 02 Úrgangur úr dýravefjum (dýrahæ)

Samkvæmt b-lið 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 falla aukaafurðir úr dýrum ekki undir lög. Sama gildir um hræ „af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun, þ.m.t. dýr sem hafa verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum, og sem er fargað í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim“. Undantekning eru þó aukaafurðir „sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð“. Meginreglan er því sú að sveitarfélögum ber hvorki skylda til að ákveða fyrirkomulag söfnunar á þessu efni, né að tryggja viðeigandi ráðstöfun þess. Efni af þessu tagi kemur hvergi við sögu í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

02 01 04 Heyrúlluplast

Hér er gert ráð fyrir að allt heyrúlluplast sem til fellur sé innifalið í tölum sveitarfélaganna. Allt þetta plast ætti að skila sér til endurvinnslu. Heyrúlluplast telst vera rekstrarúrgangur og kemur því ekki við sögu í útreikningum á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs.

02 01 06 Húsdýraskítur

Húsdýraskítur telst vera „aukaafurðir úr dýrum“ og fellur því alla jafna ekki undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Efni af þessu tagi kemur hvergi við sögu í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

15 01 01a Pappírs- og pappambúðir (bylgjupappi)

Þetta er verðmætur úrgangsflokkur sem ætla má að skili sér allur til endurvinnslu. Í einhverjum tilvikum kann óverulegur hluti heildarmagnsins að lenda í öðrum pappírsflokkum í tölfræðinni, en það hefur ekki áhrif á ætlað endurvinnsluhlutfall. Eins kunna aðrir pappírsflokkar að vera taldir með í bylgjupappatölunum. Bylgjupappi telst til heimilisúrgangs skv. úrgangslöggjöfni.

15 01 01b Pappírs- og pappambúðir (sléttur pappi og fernur)

Hér gildir í aðalatriðum það sama og um bylgjupappa. Blandaðar pappírsumbúðir (fernur o.fl.) innihalda jafnan nokkurt magn af plasti og málmum, sem eðli málsins samkvæmt er ekki mögulegt að endurvinnna í nýjan pappír. Ef efnið skilar sér inn í endurvinnslustöð (e. *enters the recycling operation whereby waste materials are actually reprocessed into products, materials or substances*) er þó eðlilegt að gera ráð fyrir 100% endurvinnsluhlutfalli.⁷¹

15 01 02a Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)

Hluti þeirra plastumbúða sem safnað er til endurvinnslu reynist ótækur í slíka vinnslu vegna óhreininda eða af öðrum ástæðum. Það versta er vinsað úr í flokkunarstöðvum þjónustuaðila héraendis áður en plastið er sent utan. Með hliðsjón af samtölum við þjónustuaðila er hér gert ráð fyrir að 20% séu fjarlægð með þessum hætti og komið til

⁷⁰ Sjá kafla 9.11.

⁷¹ Sbr. kafla 5.1.

orkuvinnslu í sorporkustöðvum. Hin 80 prósentin geta þá talist með í útreikningi á endurvinnsluhlutfalli, þar sem þau ná inn í „*the recycling operation*“. Plastumbúðir teljast til heimilisúrgangs skv. úrgangslöggjöfni.

15 01 02b Plastflöskur (með skilgjaldi)

Í flestum sveitarfélögum er til staðar söfnunarkerfi fyrir þennan úrgangsflokk, iðulega á vegum frjálsra félagasamtaka sem hafa tekjur af því að skila umbúðum og fá skilgjaldið endurgreitt. Sums staðar getur fólk sömuleiðis skilað umbúðum beint til móttökuaðila. Af þessum sökum endurspeglast magntölur ekki í úrgangstölfræði sveitarfélaganna. Tölur um magn skilgjaldsumbúða voru því áætlaðar miðað við höfðatölu út frá tölum Endurvinnslunnar um skil á landsvísu. Gert er ráð fyrir að allar þessar plastflöskur fari í endurvinnslu. Sú áætlun byggir á upplýsingum frá Endurvinnslunni hf.

15 01 04a Málmumbúðir (án skilgjalds)

Þessi úrgangsflokkur hefur til skamms tíma lítið komið við sögu í úrgangstölfræði sveitarfélaga. Sá hluti málmumbúða sem ekki hefur farið „beint í ruslið“, þ.e. endað í blönduðum úrgangi, hefur væntanlega skilað sér í málmgáma á móttökustöðvum og farið þar inn í heildartölu fyrir málma (aðra en ökutæki). Þess er að vænta að breyting verði á þessu með tilkomu markvissrar söfnunar á grenndarstöðvum. Hér er farin sú leið í útreikningi á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs að taka með í reikninginn alla málma sem safnað er sérstaklega sem málmumbúðum, auk 1,5% af úrgangsflokknum „Málmar aðrir en ökutæki“. Endurvinnsluhlutfall málmumbúða er væntanlega 100%.

15 01 04a Áldósir (með skilgjaldi)

Sjá skýringar v/plastflöskur (með skilgjaldi) hér að framan. Gert er ráð fyrir að allar áldósir fari í endurvinnslu.

15 01 06 Blandaðar umbúðir (úr grænum tunnum)

Uppistaðan í þessum úrgangsflokki eru annars vegar pappírs- og pappaumbúðir og hins vegar plastumbúðir, en þessum úrgangsflokkum er enn safnað saman í einhverjum tilvikum. Þetta á þó ekki við í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi, þar sem „fjögurra tunna kerfi“ hefur verið við lýði a.m.k. frá því á árinu 2023.

15 01 07a Glerumbúðir án skilgjalds

Þessi úrgangsflokkur hefur til skamms tíma lítið komið við sögu í úrgangstölfræði sveitarfélaga, enda var honum óvíða safnað sérstaklega fyrr en þá á árinu 2024 með tilkomu grenndarstöðva þar sem þessum úrgangsflokki er ætlað sérstakt hólfi. Fram að þeim tíma lenti þessi úrgangur yfirleitt annað hvort í blönduðum úrgangi eða var skilað á móttökustöðvar í gáma fyrir óvirkan úrgang. Í úrgangstölfræðinni er sá hluti væntanlega innifalinn í flokkunum „Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik“, „Gler“ eða „Annar grófur úrgangur“. Hér er farin sú leið í útreikningi á endurvinnsluhlutfalli heimilisúrgangs að taka aðeins með í reikninginn þær glerumbúðir sem safnað er sérstaklega. Til skamms tíma voru þessar umbúðir í flestum tilvikum malaðar og nýttar í fyllingar. Sú ráðstöfun getur eftir atvikum flokkast sem endurnýting eða förgun, eftir því hvort glerið kemur þar í stað annars efnis sem ella hefði verið notað í sama tilgangi. Eitthvað af gleri hefur líka verið notað í malbik, en sú ráðstöfun telst endurvinnsla að mati Umhverfisstofnunar.⁷²

⁷² Rafbréf frá Umhverfisstofnun 21. mars 2024.

Einnig eru uppi áform um að framleiða sand úr þessu efni, en líklegt er að sú framleiðsla verði einnig skilgreind sem endurvinnsla. Hér er gert ráð fyrir að sérsafnaðar glerumbúðir án skilagjalds séu notaðar við framleiðslu á malbiki eða sandi (endurunnar), enda þótt sú hafi ekki verið raunin hingað til.

15 01 07a Glerflöskur (með skilagjaldi)

Sjá skýringar v/plastflöskur (með skilagjaldi) hér að framan. Hér er gert ráð fyrir að allar glerflöskur með skilagjaldi séu sendar til endurvinnslu erlendis. Sú var að vísu ekki raunin fyrr en í maí 2023 þegar Endurvinnslan sendi fyrsta glerfarminn í slíkan farveg.⁷³ Fram að þeim tíma var glerið malað og að mestu leyti notað sem fyllingarefni.

16 01 03 Hjólbarðar

Ætla má að hluta af þessum úrgangsflokki sé ráðstafað án milligöngu sveitarfélaga og komi því e.t.v. ekki fram í þeirri tölfræði sem hér er sett fram. Lengi hefur tíðkast að hjólbarðar séu kurlaðir og nýttir, t.d. sem undirlag eða yfirlag á urðunarstöðum, og að í þeim tilvikum sé litið á þessa ráðstöfun sem endurnýtingu. Eftir gildistöku nýrra lagaákvæða 1. janúar 2023 telst ráðstöfun sem þessi þó því aðeins vera endurnýting ef úrgangurinn kemur í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni og hefði ella verið notað í sama tilgangi. Hér er gert ráð fyrir að hjólbörðum sem safnast sé komið til endurvinnslu.

16 01 04 Ökutæki

Þessi úrgangsflokkur kemur sjaldan við sögu í tölum sveitarfélaganna sem slíkur, en líklega lendir töluvert af honum í flokki 20 01 40 *Málmur (aðrir en ökutæki)*. Þar til bærir aðilar taka við úr sér gengnum ökutækjum, greiða skilagjald og koma tækjunum til áframhaldandi vinnslu án milligöngu sveitarfélaganna. Ökutæki teljast ekki vera heimilisúrgangur og hafa því ekki áhrif á þau úrgangsmarkmið sem sveitarfélögin bera ábyrgð á. Hins vegar bera sveitarfélög tiltekna ábyrgð á að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Því þurfa sveitarfélögin að hafa yfirsýn yfir söfnun úr sér genginna ökutækja, rétt eins og gildir um aðra úrgangsflokka.

16 06 99 Rafhlöður og rafgeymar

Líklega fer eitthvað af þessum úrgangi (einkum rafgeymar) fram hjá kerfum sveitarfélaganna, en ekki liggja fyrir glöggar upplýsingar um það. Í samræmi við upplýsingar frá Terra Efnaeyðing hf. (áður Efnamóttakan) er litið svo á að þessi úrgangsflokkur fari allur til endurvinnslu. Í reynd er útilokað að endurvinnna allt þetta efni, en ætla má að það skili sér þó allt inn í endurvinnslustöð og uppfylli þar með skilyrði í lið 1(c) í grein 11a í Rammatilskipun Evrópusambandsins um meðhöndlun úrgangs.⁷⁴ Ótilgreindur hluti af úrgangsflokknum telst vera heimilisúrgangur, en hér er gert ráð fyrir að það eigi við um allan þann úrgang af þessu tagi sem skilar sér inn í tölfræðina.

17 01 99 Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik

Í þennan flokk fellur óvirkur úrgangur af ýmsu tagi, en úrgangsflokkurinn er tómur í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Hugsanlega er þessi úrgangur innifalinn í „17 09 04 Annar grófur úrgangur“, (sjá neðar).

⁷³ Endurvinnslan (á.á.).

⁷⁴ Sbr. kafla 5.1.

17 02 01a Timbur (hreint)

Ætla má að vörubretti úr timbri séu yfirgnæfandi hluti þessa úrgangsflokks, auk m.a. trékassa utan af matvælum. Vörubretti og flutningsumbúðir matvæla flokkast sem viðarumbúðir og teljast því heimilisérgangur, hvort sem þau falla til á heimilum eða í atvinnurekstri. Gert er ráð fyrir að þetta eigi þá við um allan úrgangsflokkinn. Þessi úrgangsflokkur er tómur í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, en hugsanlega er hann að einhverju leyti innifalinn í „17 02 01b Timbur (annað eða óflokkað)“ eða „17 09 04 Annar grófur úrgangur“, (sjá neðar).

17 02 01b Timbur (annað eða óflokkað)

Þetta timbur nýtist hvorki til stígagerðar, sem undirburður né sem stoðefni vegna aukaefnanna sem í því leynast. Væntanlega fer allt þetta efni til urðunar eins og staðan er í dag.

17 02 02 Gler

Í þennan flokk fellur gler frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Líklega er allt gler af þessu tagi urðað með öðrum óvirkum úrgangi. Hvergi er getið um gler í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

17 02 03 Plast

Í þennan flokk falla plasthlutir sem líklega koma frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi og teljast því ekki til heimilisérgangs. Ekki er vitað um afdrif þessa plasts, en það kemur heldur ekki við sögu í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

17 05 03 Olúmengaður jarðvegur

Hvergi er getið um olúmengaðan jarðveg í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

17 05 04 Hreinn jarðvegur

Hvergi er getið um hreinan jarðveg í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Ætla má að hreinn jarðvegur sé yfirleitt færður til og nýttur annars staðar, nánast jafnóðum, og að ekki sé litið á hann sem úrgang.

17 06 04 Steinull og önnur hættulítill einangrunarefni

Hér er líklega oftast um að ræða herta steinull. Að uppistöðu er steinull fyrst og fremst sandur og telst því væntanlega óvirkt efni þar til bindi- og rakavarnarefnum hefur verið bætt við. Eftir hersluna telst efnið væntanlega aftur óvirkt, þar sem það hvarfast ekki og tekur engum breytingum fyrir en hitastigið er komið yfir 250°C.⁷⁵ Steinull er hvergi nefnd í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

17 06 05 Asbest (efni sem inniheldur asbest)

Ekkert asbest kemur fram í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, en eitthvert magn gæti fallið til óreglulega, svo sem við niðurrif húsa frá tilteknu árabili. Það asbest sem til fellur á að fara til urðunar á viðurkenndum urðunarstað, þar sem fylgt er sérstöku verklagi til að forðast heilsutjón þeirra sem vinna við verkið.

⁷⁵ Steinull hf. (2020).

17 09 04 Annar grófur úrgangur

Líta má á þennan úrgangsflokk sem fremur illa skilgreindan safnflokk, eða jafnvel sem blandaðan úrgang sem ekki kemst í tunnur eða ker af venjulegri stærð. Almennt má gera ráð fyrir að grófur úrgangur sem fellur til í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi sé urðaður á Skógasandi. Einhver hluti hans kann þó að fara í urðun á Stjórnarsandi með þeim formerkjum að um óvirkan úrgang sé að ræða.

Að öllum líkindum væri mögulegt að endurflokka hluta af þessum úrgangi og koma honum síðan í þá úrvinnslu sem er hagstæðust hverju sinni í umhverfislegu og fjárhagslegu tilliti. Málmannir myndu þá væntanlega fara allir í endurvinnslu. Þar væri einkum um að ræða þakjárn, steypujárn o.fl. sem fellur til við niðurrif mannvirkja og telst því ekki heimilisúrgangur.

Af samtölum við þjónustuaðila má ætla að skipting safnflokksins „Grófur úrgangur“ í undirflokk gæti verið nærri því sem hér segir:

Litað timbur	45%
Málmar	15%
Dýnur	10%
Húsgögn	10%
Óvirkur úrgangur	10%
Annað (blandað)	10%

Af þessari upptalningu ættu a.m.k. húsgögn og dýnur að skilgreinast sem heimilisúrgangur og hafa þar áhrif á endurvinnsluhlutföll. Hér er farin sú leið að áætla að 20% af heildarmagninu sé í raun heimilisúrgangur, (sbr. áætlaða prósentutölu fyrir dýnur og húsgögn hér að framan). Þetta efni er nú urðað, en fræðilega séð væri hægt að senda það í tætingu og síðan til orkuvinnslu erlendis (endurnýting). Flutningskostnaður er trúlega stór hindrun í því sambandi, auk þess sem húsrými og tækjabúnað þarf til að aðskilja þetta efni frá öðrum grófum úrgangi, kurla það og búa til sendingar.

18 00 99 Sóttmengaður úrgangur frá sjúkrahúsum

Í þennan flokk fellur úrgangur sem gjarnan er tilgreindur sem „Sóttmengað“ og „Sprautunálar“ í úrgangstölfræðinni. Þarna er í öllum tilfellum um tiltölulega lítið magn að ræða, sem er væntanlega öllu fargað með brennslu í Kólku. Engan sóttmengaðan úrgang er þó að finna í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

20 01 01 Pappír án úrvinnslugjalds (þ.m.t. dagblöð)

Hér er um að ræða heimilisúrgang sem væntanlega skilar sér allur til endurvinnslu. Trúnaðarskjölum er þó hugsanlega fargað í Kólku. Þessi flokkur er tómur í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

20 01 08 Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.

Hér er um að ræða lífúrgang (aðallega matarleifar) sem er sérsafnað frá heimilum og fyrirtækjum, svo sem frá eldhúsum og mótuneytum. Þessi úrgangur er nú fluttur í gas- og jarðgerðarstöðina GAJU. Lítið er á það ferli sem endurvinnslu, þótt ekki liggi fyrir óyggjandi upplýsingar um það hvort vinnslan standist skilyrði sem slík.

20 01 10/11 Fatnaður, skófatnaður og textíl

Söfnun og ráðstöfun þessa úrgangsflokks hefur að mestu verið á höndum Rauða kross Íslands (RKÍ) og annarra félagasamtaka. Þar af leiðandi endurspeglast magntölur ekki í tölum sveitarfélaganna. Ekki er vitað með vissu hversu stór hluti þessa úrgangs er í raun enduruninn, en fljótt á litið er ólíklegt að innlimun hans í þá úrgangstölfræði sem hér birtist hafi mikil áhrif á endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs.

20 01 25 Matarolía og feiti

Ætla má að þessi úrgangsflokkur sé endurnýttur með einum eða öðrum hætti til orkuvinnslu, svo sem með brennslu í sorporkuverum erlendis eða með framleiðslu á eldsneyti sem t.d. er notað til íblöndunar í jarðeldsneyti. Vafalaust mætti bæta söfnun og nýtingu þessa efnis verulega, en endurvinnsla er þó varla valkostur í því sambandi. Þessi úrgangsflokkur er tómur í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

20 01 36 Raftæki, þ.m.t. kæli- og frystitæki

Gert er ráð fyrir að þessi úrgangsflokkur sé allur sendur til endurvinnslu, enda virðist hann uppfylla skilyrðið um að efnið skili sér inn í endurvinnslustöð (*e. enter the recycling operation*), sem réttlætir að gert sé ráð fyrir 100% endurvinnsluhlutfalli, jafnvel þótt fræðilega séð sé ekki hægt að endurvinna það allt. Af einhverjum ástæðum kemur þessi úrgangsflokkur ekki við sögu í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, enda þótt vissulega hljóti eitthvert magn af þessu efni að falla til.

20 01 40 Málmar (aðrir en ökutæki)

Þrátt fyrir yfirskrift þessa úrgangsflokks er ástæða til að ætla að ökutæki séu iðulega skráð hér í úrgangstölfræði sveitarfélaga. Í þennan flokk falla væntanlega einnig aflagðar vinnuvélar af ýmsu tagi, svo sem úr sér gengin landbúnaðartæki, brotajárn frá útgerð og fiskvinnslu og talsvert af byggingar- og niðurrifsúrgangi (bárujárn o.fl.). Þar við bætist svo eitthvert magn af málmumbúðum sem ekki hefur skilað sér í sérsöfnun (sjá frammar). Málmumbúðirnar teljast vera heimilisúrgangur og við gerð svæðisáætlunarinnar var gert ráð fyrir að það ætti við um 1,5% heildarmagnsins. Með tilkomu markvissrar söfnunar á grenndarstöðvum má hins vegar ætla að málmumbúðir skili sér þangað og hverfi úr þeim flokki sem hér er til umræðu. Ætla má að endurvinnsluhlutfall málma sé alla jafna u.þ.b. 100%.

20 01 50 Spilliefni (samtala)

Undir þennan flokk falla hvers konar spilliefni sem ekki eru tilgreind annars staðar, þ.m.t. ýmiss konar olíuúrgangur, málning, aðrar efnavörur, ljósaperur o.fl. Almennu munu perur og vatnsmálning fara að mestu leyti til urðunar, stærri farmar af úrgangsolíu nýtast til orkuvinnslu erlendis og að það sama gildir að öllum líkindum um u.þ.b. helming af þeirri olíumálningu sem til fellur. Að öðru leyti fara spilliefni að miklu leyti til brennslu í Kólku. Í tölum frá Kubbi sem úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps byggir á eru spilliefni ekki sundurliðuð og því er gert ráð fyrir að þau séu öll send í Kólku. Ástæða er til að ætla að magn spilliefna sér vanmetið í úrgangstölfræðinni.

20 02 01 Garðaúrgangur

Enginn garðaúrgangur kemur fram í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, enda losa íbúar sig við hann sjálfir með einum eða öðrum hætti, eða þá að efnið er notað beint til uppgræðslu eins og tíðkast hefur í Víkurfjöru (sjá kafla 9.4). Lífbrjótanlegur

garðaúrgangur telst vera lífúrgangur og þar með heimilisúrgangur. Garðyrkjuúrgangur fellur hins vegar utan þeirrar skilgreiningar. Garðaúrgangur sem tekið væri á móti og nýttur við moltugerð eða á annan viðurkenndan hátt myndi hækka endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélögunum, að því tilskyldu að afurðin nýtist sem jarðvegsbætir en sé ekki aðeins nýtt til fyllingar eða henni fargað. Fræðilega séð væri hægt að nýta allan garðaúrgang og garðyrkjuúrgang til uppgræðslu á gróðursnauðum svæðum, svo sem með tætingu og dreifingu með taðdreifara, en afla þyrfti staðfestingar á því að sú ráðstöfun teljist endurvinnsla í skilningi laga.

20 03 01a Blandaður úrgangur (sorphirða)

Í þennan flokk fellur allur sá úrgangur sem tekinn er frá heimilum í reglubundinni hirðu. Þessi úrgangur hefur verið urðaður á Skógasandi, en er sem stendur (nóv. 2025) er hann sendur til útlanda í orkuvinnslu.

20 03 01b Blandaður úrgangur (gámar)

Þessi úrgangsflokkur er væntanlega að miklu leyti sambærilegur þeim næsta á undan, að því frátöldu að honum er safnað með öðrum hætti. Líta ber á báða flokka sem heimilisúrgang.

20 03 01c Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum

Þessi úrgangsflokkur er væntanlega að miklu leyti sambærilegur þeim tveim næstu á undan, að því frátöldu að honum er safnað með öðrum hætti. Allt er þetta að öllum líkindum heimilisúrgangur skv. skilgreiningu og fer allt í urðun.

20 03 03 Úrgangur frá gatnahreinsun

Þessi úrgangsflokkur inniheldur sand og alls konar rusl sem fellur til við hreinsun gatna. Þess er að vænta að þessi úrgangur sé mengaður af efnum frá umferð og væntanlega fer þetta allt í urðun. Líklega fellur lítið sem ekkert af þessu efni til í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi, en í þennan flokk voru skráð 12,9 tonn af uppsópi þegar járnahaugur var fjarlægður.

20 03 04 Eðja frá rotþróum (seyra)

Seyra er lífrænn úrgangur sem er tæknilega fremur auðvelt að vinna og nýta til landgræðslu á heppilegum svæðum. Seyra kemur hvergi við sögu í úrgangstölfræði Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, en eins og ráða má af texta svæðisáætlunarinnar kemur engu að síður eitthvert ótilgreint magn af seyru til kasta sveitarfélaganna. Til tals hefur komið að finna seyrunni farveg, svo sem til landgræðslu og/eða metanframleiðslu í samstarfi við Land og skóg og Orkídeu.

Heimildir

1. Alþingi (2022): *Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022–2036*. Samþykkt á Alþingi 15. júní 2022. <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>.
2. Alþingi (2024): *Þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028*. Samþykkt á Alþingi 16. maí 2024. <https://www.althingi.is/altext/154/s/1724.html>.
3. Byggðastofnun (2024): *Mælaborð. Sveitarfélagaskipan frá 1875*. <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelaborð/sveitarfelagaskipan>.
4. Endurvinnslan (á.á.): *Gler*. <https://endurvinnslan.is/frodleikur>.
5. Environice (2009): *Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðasamlagsins Hulu 2008–2020*. https://eldri.samband.is/media/urgangsmal/Svaedisaetlun_HULA2008_2020.pdf.
6. Framkvæmdastjórn ESB (2023): *Critical raw materials*. https://single-market-economy.ec.europa.eu/sectors/raw-materials/areas-specific-interest/critical-raw-materials_en.
7. Framkvæmdastjórn ESB (2024): *Regulation (EU) 2024/1252 of the European Parliament and of the Council establishing a framework for ensuring a secure and sustainable supply of critical raw materials and amending Regulations (EU) No 168/2013, (EU) 2018/858, (EU) 2018/1724 and (EU) 2019/1020*. https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=OJ:L_202401252.
8. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (2018): *Starfsleyfi. Byggðaból ehf. Söfnun og flutningur á seyru*. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 26. mars 2018.
9. Hulu (2021): *Samþykktir fyrir Byggðasamlagið Hulu*. https://hvolsvollur.oneportal.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=XYDdU3Vh9E2l74ag1Rb08w&meetingid=Zd7R9JzLkqudh3PoMJ_Ug1&filename=SKM_C250i23091209590.pdf&cc=Document.
10. Hulu (2023): *Fundargerð aukaaðalfundar Aukaaðalfundur í Hulu bs., 18. október 2023*. https://hvolsvollur.oneportal.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=PGBpOvckp0G0DXAr02NEAA&meetingid=duk5oix8C0yx3Md55ykIQ1&filename=Fundargerð%20aukaaðalfundar%20Hulu%20bs.%2018.10.2023_undirritað.pdf&cc=Document.
11. Mýrdalshreppur (2023): *Mýrdalshreppur. Endurskoðun aðalskipulags 2021-2033*. https://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=ay8KgFlIPkeVNRyCHzgW_w.
12. Mýrdalshreppur (2024): *Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Mýrdalshreppi, nr. 768/2024*. <https://island.is/stjornartidindi/nr/0f5cd4a5-aca4-46ba-b1c0-1a43d9f4fbd6>.
13. Mýrdalshreppur (2024b): *Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi, nr. 478/2024*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=724ecbf6-50b3-4860-8d58-5bddf60eea78>.
14. Mýrdalshreppur (2024c): *Sorphirða*. <https://www.vik.is/is/thjonusta/umhverfismal/sorphirða>.
15. Rangárþing eystra (2023): *Fundargerð 316. fundar sveitarstjórnar, 14. september 2023*. <https://www.hvolsvollur.is/is/stjornsysla/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/345>.
16. Samband íslenskra sveitarfélaga (2024): *Tölur úr ársreikningum sveitarfélaga 2023*. <https://www.samband.is/maelaborð>.
17. Samband íslenskra sveitarfélaga (2025): *Mælaborð: Fjármál – Málaflokkar og deildir 2024*. <https://www.samband.is/maelaborð>.
18. Sigurður Sigurðarson (2014): *Sigurður dýralæknir*. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
19. Skaftárhreppur (2024): *Gjaldskrá fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Skaftárhreppi, nr. 431/2024*. <https://island.is/stjornartidindi/nr/633b374b-b361-4c44-9301-b56d313f4fd1>.
20. Skaftárhreppur (2024b): *Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi, nr. 325/2024*. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=14f9ab19-32ba-41a2-ae57-2a390d14552b>.
21. Skaftárhreppur (2025): *Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043*. https://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=57S_wfX4wEiW50DgD4jPug.
22. Skaftárhreppur (á.á.): *Sorpmál/Endurvinnsla*. <https://www.klaustur.is/is/ibuar/umhverfis-og-skipulagsmal/sorpmal>.
23. Stefán Gíslason(2022): *Minnisblað um ábyrgð sveitarstjórna vegna markmiðs um 70% endurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs*. Minnisblað til Sambands íslenskra sveitarfélaga, nóvember 2022. <https://www.environice.is/wp-content/uploads/2022/09/Minnisblad-bygg-og-nidur-70-221104.pdf>.
24. Steinull hf. (2020): *Vöruskrá frá Steinull*. https://steinull.is/wp-content/uploads/2020/12/Vo%CC%88ruskra%CC%81in_2020-min.pdf.

25. Stjórnarráð Íslands (á.á.): *Heimsmarkmiðin*.
<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin>.
26. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2017): *Hreint loft til framtíðar. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*. Nóvember 2017. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Hreint%20loft%20til%20fram%20AD%20C3%B0ar,%20lokaeintak.pdf>.
27. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021): *Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum*. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefna_ett_ad_hringrasarhagkerfi.pdf.
28. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (2024): *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*.
<https://www.co2.is>.
29. Umhverfisstofnun (2010): *Starfsleyfi. Mýrdalshreppur – urðunarstaður við Uxafótarlæk*.
https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Sorp-og-efnamottaka/Myrdalshreppur-Starfsleyfi_fyrir_Uxafotarlak_lokautgafa_juni_2010.pdf.
30. Umhverfisstofnun (2014): *Starfsleyfi Byggðasamlagsins Hulu*. <https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/urgangur-og-efnamottaka/sudurland/hula-skogasandi>.
31. Umhverfisstofnun (2019): *Starfsleyfi. Urðunarstaður á Stjórnarsandi*.
[https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-efniritsskyrslur/Undirrita%20C3%B0%20starfsleyfi%20-%20Copy%20\(2\).pdf](https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-efniritsskyrslur/Undirrita%20C3%B0%20starfsleyfi%20-%20Copy%20(2).pdf).
32. Umhverfisstofnun (2021): *Eftirlitsskýrsla. Hulu bs. Skógasandur, 5.10.2021*.
<https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/urgangur-og-efnamottaka/sudurland/hula-skogasandi>.
33. Umhverfisstofnun (2023): *Eftirlitsskýrsla. Hulu bs. Skógasandur, 24.8.2023*.
<https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/urgangur-og-efnamottaka/sudurland/hula-skogasandi>.
34. Umhverfisstofnun (2024): *Eftirlitsskýrsla. Hulu bs. Skógasandur, 1.7.2024*.
35. Umhverfisstofnun (2024b): *Eftirlitsskýrsla. Mýrdalshreppur – við Uxafótarlæk. 12.6.2024*.
https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-efniritsskyrslur/Myrdalshreppur_Uxafotarlaekur%20Lokaskyrsla%202024.pdf.
36. Umhverfisstofnun (2024d): *Mengaður jarðvegur*. <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGI>.
37. Umhverfis- og orkustofnun (2025): *Eftirlitsskýrsla. Skaftárhreppur urðun, Stjórnarsandur*.
https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Mengandi--starfsemi/Lokaskyrsla2025_Skaftarhreppur.pdf.
38. Umhverfis- og orkustofnun (á.á.): *Hula, Skógasandi*. <https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/urgangur-og-efnamottaka/sudurland/hula-skogasandi>.
39. Úrvinnslusjóður (2023): *Greiðslur vegna söfnunar á víðavangi*. Tilkynning til sveitarfélaga um greiðslur vegna söfnunar á víðavangi. 25. apr. 2023. <https://www.urvinnslusjodur.is/um-urvinnslusjod/utgafa/tilkynningar/tilkynning-til-sveitarfelaga-um-greidslur-vegna-sofnunar-a-vidavangi>.
40. Úrvinnslusjóður (2024): *Fyrirkomulag greiðslna til sveitarfélaga vegna söfnunar plastvara á víðavangi og úr ruslabiðum árin 2023 og 2024*. Bréf til sveitarfélaga 26. september 2024.
41. Úrvinnslusjóður (2025): *Sérstök söfnun*.
<https://www.urvinnslusjodur.is/voruflokkar/#serstok-sofnun-1>.
42. Úrvinnslusjóður (á.á.): *Rusl á víðavangi*. <https://www.urvinnslusjodur.is/sveitarfelog/rusl-a-vidavangi>.